



**ÁRSSKÝRSLA
MENNTASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR 2005**



Efnisyfirlit

Ávarp formanns menntaráðs	5
Frá sviðsstjóra	7
1. Menntaráð Reykjavíkurborgar	9
Fulltrúar	9
Stefnumörkun	10
Eftirlit	11
Samþykkt fyrir menntaráð Reykjavíkurborgar	12
2. Menntasvið - stærsta fagsvið borgarinnar	15
Breytingaferlið	15
Flutningur verkefna til þjónustumiðstöðva	16
Aðalskrifstofa	16
Skrifstofa sviðsstjóra	16
Sérverkefni	16
Leikskólaskrifstofa	17
Grunnskólaskrifstofa	17
Fjármálastjórnun	18
Starfsmannaþjónusta	18
Upplýsingatæknipjónusta	19
Starfsáætlun Menntasviðs	19
Erlend samskipti	19
Ráðstefnur og viðburðir	21
Nýir skólar, viðbyggingar og skóflustungur	22
3. Skólastarf í tölum	23
Leikskólar	23
Daggæsla barna í heimahúsum	26
Grunnskólar	27
Starfsmenn og starfsþróun	31
4. Starfsemi leikskóla	34
Stefnumörkun og framkvæmd	34
Kannanir og þróunarverkefni	35
Samráð við leikskólastjóra	35
5. Starfsemi grunnskóla	36
Stefnumörkun og framkvæmd	36
Kannanir og rannsóknir	41
Samráð við skólastjóra grunnskóla	43
6. Tónlistarnám og félagsleg menntastefna	44
Skólahljómsveitir	44
Tónlistarskólar	45
Fullorðinsfræðsla	46
7. Verðlaun og styrkir	47
Barnabókarverðlaun	47
Hvatningarverðlaun	47
Nemendaverðlaun	48
Umgengnisverðlaun	49
Styrkir menntaráðs	49
8. Ársreikningur menntamála í Reykjavík 2005	51
9. Útgáfur	56
10. Leik- og grunnskólar borgarinnar	57

Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2005

Gefin út í ágúst 2006.

Ábyrgð og ritstjórn: Gerður G. Óskarsdóttir sviðsstjóri

Töflur: Hallgerður Inga Gestsdóttir

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir

Uppsetning og hönnun: Ragnhildur Ragnarsdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Gutenberg ehf.

ISSN 1670-6951

Myndir í ársskýrslu eru unnar af börnum í leik- og grunnskólum borgarinnar og sýna frjóa sköpun yngstu borgarbúanna.

Forsíðumynd og mynd á bls. 6 eru unnar af börnum í leikskólanum Sæborg.

Myndir á bls. 9, 11, 34 og á baksíðu eru gerðar af börnum í leikskólanum Dvergasteini.

Myndir á bls. 20 og 31 eru eftir nemendur í Fossvogsskóla.

Myndir á bls. 29, 32, 36, 38 og 42 eru eftir nemendur í Fellaskóla.

Helstu heimildir:

Starfsáætlanir Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2005.

Fundargerðir menntaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna.

Fyrri ársskýrslur.

Fréttatilkynningar.

ÁVARP FORMANNS MENNTARÁÐS

Undanfarin fjögur ár hef ég notið þess heiðurs og ánægju að vera formaður menntaráðs borgarinnar. Ég þakka þeim fjölmörgu sem ég hef kynnst í starfi og stefnumótun og met mikils þá grósku sem hvarvetna er í leik- og grunnskólum borgarinnar. Við erum sannarlega á réttri braut.

Vænlegasta byggðastefna fyrir Ísland í heild er menntastefna. Það er alls ekki sjálfgefið að auðlindaríkt land við heimskaupsbaug sé aðlaðandi og góður búsetukostur fyrir menntað og framsækið fólk sem gerir kröfur til þess að lifa í menningarríku umhverfi. Ísland gæti orðið „verstöð“ í útjaðri Evrópu fyrir þá sem vinna í verksmiðjum á hafi úti eða inn til dala – við að veiða og verka fisk eða bræða málma við rafmagnshita frá virkjunum.

Gegn þeirri sýn er teft fram hugmyndinni um samfélag í fremstu röð, þar sem fólk býr við fjölbreytta kosti um líf og störf - og umhverfi sem er félagslega nærandi, þar sem menningarlíf blómstrar og eftirsóknarvert er að búa. Menntun fólksins er lykilþáttur í þessari framtíðarsýn um Ísland í fararbroddi þjóða.

Ég skil þá sem benda fyrst og fremst á þörfina á að „skapa störf“ eða „efla byggðir“.

Sú hugsun skiptir máli, en hún vísar aðeins til skamms tíma. Þegar teft er fram hugmyndinni um fjárfestingu í menntun og menningu er á óvissan að róa. Enginn veit nákvæmlega hvaða störf, hvers konar fyrirtæki eða hvernig kjör munu bjóðast með menntun sem höfuðfjárfestingarkost fyrir smáirki. En í því sambandi getum við með nokkru öryggi vísað á reynslu mannkyns frá örófi alda. Að baki hverju framfaraspori manna býr hugmyndaauðgi. Sköpunarkraftur hefur leitt fólk til betra lífs. Í hagskýrslum samtímans stendur skýrum stöfum að þeir sem mesta og besta menntun hafi búi samtímis við mestu hagsæld þegar hún er mæld með fjölbreyttum hætti. Því getum við Íslendingar með vissu um ávinning veðjað á menntun og menningu til aukinna framfara. Og sannleikurinn er sá að við höfum verk að vinna. Við eigum gnótt auðlinda. Fiskur í sjó og orka á landi færir okkur auð. Það má þó ekki blinda okkur fyrir þeirri staðreynd að vinnuafli á Íslandi er mun minna menntað en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Gera verður átak í fullorðinsfræðslu. Sporna verður gegn brottfalli úr framhaldsskólum. Við verðum að halda áfram á þeirri vegferð að gera grunnskólana að þeim bestu í heimi og leikskólana að fyrsta skólastiginu sem bjóðist öllum börnum. Átak á öllum sviðum menntunar, fyrir fólk á öllum æviskeiðum, er ekki aðeins ákall um betra líf fyrir hvern og einn. Slík stefna er líka yfirlýsing um að við viljum vera þjóð meðal þjóða. Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga bar eitt sinn hæst kröfuna um forræði yfir auðlindunum. Í hinni nýju sjálfstæðisbaráttu Íslendinga ber hæst kröfuna um forræði yfir okkar eigin hugsun og sköpun. Þar er menntun fólksins upphaf og endir.





FRÁ SVIÐSSTJÓRA

Sameining yfirstjórnar leik- og grunnskóla setti sterkan svip á menntamál í Reykjavík á árinu 2005. Nýtt menntaráð hóf störf í byrjun ársins og þann 1. júní sameinuðust Leikskólar Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og til varð Menntasvið Reykjavíkurborgar með höfuðstöðvar í gamla Miðbæjarskólanum. Tilgangur sameiningarinnar var að stuðla að heildstæðri faglegri yfirsýn yfir menntamál á vegum borgarinnar, auka samræmingu, samþættingu og samfelli milli skólastiga, auk hagræðingar í sérþekkingu.

Með stofnun sex þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar vorið 2005 var stigið skref í þá átt að færa þjónustu við íbúa út í hverfin, stuðla að þverfaglegri vinnu og auka hverfavitund. Þá fluttist þjónusta við leik- og grunnskóla á sviði faglegrar ráðgjafar og sálfræðiþjónustu til þjónustumiðstöðvanna. Í júní var undirritaður þjónustusamningur milli Menntasviðs og nýs Þjónustu- og rekstrarsviðs, m.a. um sálfræðiþjónustu og ráðgjöf, umsjón með innritun í leikskóla og ráðgjöf við dagforeldra.

Talsverðar breytingar urðu á starfsemi Námsflokka Reykjavíkur á árinu þegar samið var við aðila utan þeirra um námskeið og kennslu, m.a. kennslu í íslensku fyrir innflytjendur, í þeim tilgangi að samhæfa krafta þeirra sem vinna á sviði fullorðinsfræðslu. Einnig hófu Námsflokkarnir samvinnu við þjónustumiðstöðvar borgarinnar um náms- og starfsráðgjöf.

Vel skilgreint breytingaferli

Þegar borgarráð hafði samþykkt breytingar á stjórnskipulagi borgarinnar með stofnun þjónustumiðstöðva vorið 2004 og breytingar á skipuriti borgarinnar haustið 2004 hófst markviss undirbúningsvinna. Fyrri hluta ársins voru breytingarnar undirbúnar hjá Leikskólum Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð og síðari hlutinn mótaðist af aðlögun að breytingunum á aðalskrifstofu Menntasviðs. Brjóta þurfti upp eldri starfseiningar og búa til nýjar, endurskilgreina einingar og hlutverk starfsmanna.

Það þarf skýra sýn, þolinmæði og jákvæðni til að sjá stöðugt ný tækifæri í slíku breytinga-
starfi sem tekur yfirleitt lengri tíma en ráð var fyrir gert í upphafi. Nýr hópur þarf að læra að vinna saman, tileinka sér nýtt verklag og nýjar leiðir að settu marki, skipta með sér verkum og ábyrgðarsviði og finna rétta göngutaktinn. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta verkefni hafi verið unnið farsællega á Menntasviði.

Vinna við sameiginlega starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2006 hófst í ágúst 2005 og mótað var leiðarljós fyrir sviðið og heildarsýn til framtíðar fyrir leik- og grunnskóla. Þetta var í fyrsta sinn sem horft var á þróun leik- og grunnskóla sem eina heild í stefnumörkun hjá borginni.

Samþætt skólastig

Leik- og grunnskólar eiga margt sameiginlegt. Á báðum skólastigum er unnið samkvæmt lögum sem heyra undir menntamálaráðuneytið, en það á ekki við í mörgum öðrum löndum.

Á báðum skólastigum er starfað eftir aðalnámskrá þar sem hvorttveggja í senn er lögð áhersla á nám og uppeldi. Þá eru skilin á milli námsleiða leik- og grunnskólakennara smátt og smátt að minnka. Segja má að verkefni eða námsefni frá grunnskólum hafi á undanförunum árum verið að færast niður í leikskólana með sama hætti og frá framhaldsskólum niður til grunnskóla á undanförunum áratugum. Efni sem áður var kennt í háskólum er nú tekið fyrir í framhaldsskólum. En það sem fyrst og fremst aðskilur fyrstu skólastigin er að í leikskólanum fer námið fram í gegnum leikinn, sem á reyndar einnig við um upphaf grunnskólans. Skólaskylda hefur verið að lengjast smátt og smátt alla síðustu öld hér á landi. Ekki er ólíklegt að síðari hluti leikskóla verði brátt skólaskyldur með sama hætti og upphaf framhaldsskóla verður trúlega skólaskyld.



Merkir áfangar í starfi í leik- og grunnskóla borgarinnar

Í september 2005 hafði það ánægjulega markmið náðst að öll börn, 18 mánaða og eldri, áttu kost á leikskóladvöl. Leikskólagjöld voru jafnframt lækkuð á árinu, sem nam u.þ.b. tveggja tíma vistun. Aftur á móti setti stafsmannaskortur svip sinn á starfsemi leikskólanna fram eftir hausti og urðu því tafir á því að hægt væri að taka öll börn inn í leikskólana.

Lokið var við nettengingar innanhúss í um helmingi leikskólanna og heldur því verki áfram á árinu 2006. Starfsþópur um aukna samþættingu leik- og grunnskóla skilaði niðurstöðum sínum til menntaráðs og út kom skýrsla um stuðning við innflytjendabörn í leikskólum. Þetta eru mikilvægir hugmyndabankar til að byggja á.

Á grunnskólastiginu voru stigin mikilvæg skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar. Gerður var samningur við menntamálaráðuneytið um tilraunir með breytta viðmiðunarstundarskrá og haldin voru námskeið fyrir skólastjórmenndur um einstaklingsmiðað nám. Nýtt matstæki um þróun skólustarfs í átt til einstaklingsmiðaðs nám var gefið út og mun það án efa styrkja skólana í að taka næstu skref og efla umræðu um þróun náms og kennslu. Tækið var einnig gefið út á ensku og hefur þegar verið kynnt erlendis.

Á árinu var gerð könnun á framvindu stefnu borgarinnar um sérkennslu. Þá náðist sá merki áfangi að ný og glæsileg skólabygging fyrir Ingunnarskóla var tekin í notkun, fyrsti grunnskóli borgarinnar á nýrri öld. Skólustarfið og skólabyggingin var undirbúið með víðtæku samstarfi margra aðila í grenndarsamfélaginu. Segja má að skólabyggingin sé hönnuð í ljósi okkar framtíðarsýnar um skólustarf. Sama má segja um Korpuskóla sem einnig flutti í nýja skólabyggingu á árinu og var hún undirbúin með sama hætti.

Verkefnin framundan

Mörg áhugaverð verkefni bíða okkar á næstu árum á leik- og grunnskólastigi svo og í fullorðinsfræðslu. Við endurskoðun leik- og grunnskólalaga sem nú er framundan verður trúlega tekist á um hver á að skilgreina hlutverk og verkefni þessara skóla. Spurt verður hversu ítarleg slík lög eigi að vera, þ.e. að hve miklu leyti ríkið eða menntamálaráðuneytið eigi að leggja línurnar eða hvert eigi að vera sjálfstæði sveitarfélaganna og einstakra skóla, svo og hlutur stafsmanna og foreldra.

Umræðan um félagslegt hlutverk leik- og grunnskóla hefur verið líflæg á undanförunum árum og áratugum, en trúlegt er að hún snúist nú í vaxandi mæli um uppeldishlutverk þeirra. Félagslegu hlutverki leikskólans er nú fullnægt að því marki að öll börn eldri en 18 mánaða að hausti eiga

vísa dvöl í leikskóla, en umræðan um að yngri börn, allt frá fæðingarorlofi foreldra, ættu að eiga kost á dvöl í leikskóla í stað dvalar hjá dagforeldrum, verður æ háværari. Lengdur skóladagur í grunnskólum og lengd viðvera fyrir yngri börnin eru komin til framkvæmda fyrir all nokkru og heitar máltíðir standa börnum til boða. Nú er mikið rætt um að samræma þurfi betur skóladaginn og frístundastarf barna og unglinga.

Möguleikar netsins í námi, m.a. í gegnum fjarkennslu af ýmsum toga, mótar án efa alla umræðu um nám á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu á næstu árum. Þar eru mikil sóknarfæri.

Síðast en ekki síst vil ég nefna mikla fjölgun innflytjenda í skólum okkar. Fjöldi nemenda í grunnskólum í Reykjavík með annað móðurmál en íslensku hefur þrefaldast á síðasta áratug, frá því að vera um 1,5% nemenda upp í að vera nú um 4,5% og ekkert lát virðist á þessari þróun. Fjölmenningin er mikill auður fyrir íslenskt samfélag og þar með skólustarf og skapar okkur krefjandi verkefni. Þar þarf að vanda vel til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrir börn, unglinga og fullorðin fólk og skipuleggja móttöku nýrra Íslendinga inn í samfélagið. Við megum ekki aðeins hugsa um að þeir aðlagist okkar venjum og siðum í skólunum, við verðum ekki síður að huga að því hvernig við aðlögum skólustarfið að þeim sem hingað koma með ný viðhorf og lífsmáta.

Á árinu lét Bergur Felixson framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur af störfum fyrir aldurs sakir. Honum er þakkað farsælt starf í þágu reykvískra barna í þrjá áratugi.

Gerður G. Óskarsdóttir

Leiðarljós Menntasviðs er að börnunum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.

1. MENNTARÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Menntaráð Reykjavíkur tók til starfa 1. janúar 2005 og tók við verkefnum leikskólaráðs og fræðsluráðs Reykjavíkur sem þá voru lögð niður. Tillaga að samþykkt fyrir menntaráð Reykjavíkur var samþykkt í menntaráði 3. mars og staðfest á fundi borgarstjórnar 5. apríl 2005. Menntaráð mótar stefnu í menntamálum á vegum borgarinnar og hefur eftirlit með skólastarfi.

Menntasvið Reykjavíkurborgar, sem tók formlega til starfa 1. júní 2005, fer með yfirstjórn allra menntamála á vegum borgarinnar sem áður hafði verið í höndum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Menntaráð hélt 24 fundi á árinu 2005.

Fulltrúar

Árið 2005 sátu 5 fulltrúar kosnir af borgarstjórn í menntaráði. Fulltrúi F-lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur, leikskólakennarar, Samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík (SAMFOK) og *Börnin okkar*, samtök foreldrafélaga í leikskólum, áttu áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins. Sviðsstjóri Menntasviðs, aðstoðarsviðsstjóri, fjármálastjóri og skrifstofustjórar leik- og grunnskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins auk fulltrúa á skrifstofu sviðsstjóra sem var ritari menntaráðs.

Aðalmenn

Stefán Jón Hafstein, formaður
Þorlákur Björnsson, varaformaður
Katrín Jakobsdóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Varamenn

Grétar Theodór Birgisson
Nína Helgadóttir
Svandís Svavarsdóttir
Sverrir Teitsson
Björn Ársæll Pétursson
Jórunn Frímannsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Katrín Jakobsdóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Áheyrnarfulltrúar

Margrét Sverrisdóttir F – lista.
Hilmar Hilmarsson/Hólmfríður G. Guðjónsdóttir Skólastjórufélagi Reykjavíkur.
Sigrún E. Ólafsdóttir/Ólafur Loftsson/ Jóhannes Þór Skúlason/ Þorgerður Laufey
Díðríksdóttir Kennarafélagi Reykjavíkur.
Bergþóra Valsdóttir SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur.
Jóhanna Rósa Arnardóttir *Börnin okkar*, samtök foreldrafélaga í leikskólum Reykjavíkur.
Sigrún Sigurðardóttir fulltrúi leikskólakennara, Ingibjörg Kristleifsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Jensína Edda Hermannsdóttir/Alla Dóra Smith fulltrúi leikskólakennara frá 15. september.



Stefnumörkun

Menntaráð Reykjavíkur hélt 24 fundi á árinu 2005.

Á árinu 2005 voru nýir skólastjórar ráðnir að fimm grunnskólum; Breiðholtsskóla, Klébergsskóla, Vesturbæjarskóla, Öskjuhlíðarskóla og nýjum skóla í Norðlingaholti sem hóf starfsemi haustið 2005. Nýir leikskólastjórar voru ráðnir við leikskólann Berg á Kjalarnesi, Álfaborg og Reynisholt, nýjan leikskóla í Grafarholti.

Menntaráð markaði á árinu stefnu um eftirtalda þætti:

- Á fyrsta fundi nýs menntaráðs 3. febrúar 2005 var samþykkt að stofna starfshóp um aukið samstarf leik- og grunnskóla og var erindisbréf þess efnis lagt fyrir menntaráð 17. febrúar. Starfshópin skipaði fagfólk úr leik- og grunnskóla, fulltrúar foreldrasamtaka og menntaráðs. Hópnum var einnig falið að halda áfram vinnu um gjaldfrjálsan leikskóla 5 ára barna.
- Endurskoðaðar reglur um innritun í grunnskóla Reykjavíkur voru samþykktar í menntaráði í mars.
- Í mars voru samþykktar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi gæsluleikvalla, sbr. tillögur sem leikskólaráð samþykkti í júní 2004. Í samþykkt menntaráðs fólst að frá hausti 2005 lagðist vetraropnun gæsluleikvalla af og samið var við ÍTR um að taka yfir rekstur þeirra og sjá um sumarstarfsemi fyrir yngri börn á þeim leikvöllum sem enn eru opnir.
- Starfshópur um framtíðarskipan verkefna Námsflokka Reykjavíkur var skipaður árið 2004. Honum var m.a. ætlað að skoða verkefni Námsflokka með hliðsjón af hugsanlegri stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum og móta tillögur um framtíðarskipan þeirra verkefna sem Námsflokkanir hafa sinnt. Hópurinn skilaði skýrslu til menntaráðs í mars.
Á fundi menntaráðs í apríl voru samþykktar tillögur um þróun Námsflokka Reykjavíkur, og Menntasviði falið að fylgja eftir tillögum starfshóps um Námsflokka Reykjavíkur og hafi að markmiði að hlutverk Námsflokka Reykjavíkur verði áfram að annast félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar í fullorðinsfræðslu.
- Borgarráð samþykkti í apríl að fela menntaráði að skila tillögum um nánari útfærslu þess markmiðs að auka framlög til einkarekinna grunnskóla og tryggja rekstrargrundvöll þeirra. Í kjölfar þess samþykkti menntaráð tillögu um aukin rekstrarframlög til einkarekinna grunnskóla.
- Í framhaldi af erindi frá Umhverfissviði samþykkti menntaráð í maí að veita þremur milljónum króna til að setja á stofn og reka Náttúruskóla Reykjavíkur sem rekinn verður í samstarfi Umhverfissviðs og Menntasviðs.
- Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla voru samþykktar í menntaráði í maí. Í þeim er fjallað um skilgreiningu á tónlistarskóla, grundvöll þjónustusamninga, skilyrði um kennslu og nemendafjölda, menntun kennara og skólastjórnenda, úthlutun fjármagns til tónlistarskóla, o.fl. (sjá nánar í 6. kafla bls. 44).
- Á fundi menntaráðs í maí var samþykkt tillaga um að beina þeim tilmælum til skólastjórnenda í grunnskólum Reykjavíkur með unglingastig, að nemendur fái kennslu í skyndihjálpi og að skoðað verði með hvaða hætti unnt sé að meta íþróttir, tónlistarnám eða aðrar tómstundir utan skóla sem valgreinar. Tillaga þessi var lögð fram í kjölfar tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna sem vísað var til menntaráðs.
- Á fundi menntaráðs 21. júní voru lögð fram og samþykkt drög að þjónustusamningi milli Menntasviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs. Til grundvallar samningnum er samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 24. júní 2004 um stofnun þjónustumiðstöðva og lög er varða menntamál og lúta að starfsemi þeirra. Í þjónustusamningnum er kveðið á um verkefni þjónustumiðstöðva á sviði menntamála, hvernig staðið verður að flutningi fjármagns til þjónustumiðstöðva, hvernig samstarfi Menntasviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs verður háttað og loks hvernig eftirliti verður hagað og árangur mældur.
- Í júní samþykkti menntaráð tillögu um að óska formlega eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið um endurskoðun grunnskólalaga. Ítrekar ráðið beiðni fræðsluráðs frá því í ágúst 2004 um að fylgja eftir tillögum starfshóps fræðsluráðs um ýmis málefni er varða grunnskólann.
- Menntaráð samþykkti í september að gerð yrði úttekt á næringargildi matar sem nemendum í leik- og grunnskólum er boðið upp á. Úttektin verði gerð í samráði við fagaðila og starfsmenn Menntasviðs geri í framhaldinu tillögur um hvernig tryggja megi hollt mataræði í skólum borgarinnar.
- Samþykkt var að setja á fót starfshóp um þróun íslenskukennslu fyrir útlendinga undir forystu Reykja-

víkurborgar. Markmið hópsins er að efla kennsluhætti í íslensku sem erlendu tungumáli og er hann skipaður þeim aðilum sem besta innsýn hafa í íslenskukennslu fyrir útlendinga, hafa fagþekkingu og þekkja þarfir markhópsins vel.

- Komið var á fót stefnumótunarhópi vegna Námsflokka Reykjavíkur. Honum var falið að móta félagslega mennta-stefnu fyrir Reykjavíkurborg til næstu framtíðar og skilgreina í því ljósi hlutverk Námsflokka Reykjavíkur.
- Á fundi menntaráðs í október hvatti áheyrnarfulltrúi SAMFOKs til þess að settar yrðu verklagsreglur um auglýsingar, kynningar og samkeppnir í grunnskólum Reykjavíkur. Í kjölfarið fól menntaráð Menntasviði að móta slíkar viðmiðunarreglur í samráði við SAMFOK og skólastjórnendur.
- Á fundi menntaráðs í október var samþykkt umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á grunnskólalögum.
- Á fundi sínum í október samþykkti menntaráð að fela Menntasviði að efna til umræðu við fagfólk og foreldrasamtök um hlutverk skólanna í umræðu og fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Í framhaldi af því var í nóvember skipaður starfshópur sem á að setja fram hugmyndir um hvernig styrkja megi starfsfólk í leik- og grunnskólum í viðbrögðum vakni grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart nemendum.
- Menntaráð studdi tillögu áheyrnarfulltrúa F-lista í nóvember um að hvetja sérstaklega til þess að skólastjórnendur í samráði við foreldra og nemendur reyni á markvissari hátt en hingað til að höfða jafnt til beggja kynja í félagslífinu og efla þannig heilbriggt uppeldisstarf.
- Í lok árs 2004 skipaði fræðsluráð hóp sem gera skyldi úttekt á ferli kjaraviðræðna grunnskólakennara og sveitarfélaga árið 2004. Fulltrúar úttektarhópsins komu á fund menntaráðs í desember og kynntu skýrslu sína. Í kjölfarið samþykkti menntaráð að beina því til Menntasviðs að fylgt yrði eftir nokkrum tillögum hóp-sins, m.a. að gerð yrði vönduð könnun á viðhorfum kennara til kjaramála, kerfisbreytinga á vinnuskipulagi og annarra þátta í starfi og starfsumhverfi þeirra. Einnig að gert yrði stöðumat á samstarfi samningsaðila nú, milli kjaraviðræðna og unnar tillögur til úrbóta í samræmi við úttekt starfshópsins.
- Á fundi menntaráðs í desember var samþykkt tillaga

um að fela Menntasviði að auka framlög til tölvukaupa í grunnskólum árið 2006 úr 25 milljónum í 55 milljónir króna.

- Starfshópur sem hafði það hlutverk að móta tillögur að þróun tungumálavars í alhliða fjarkennsluver skilaði niðurstöðum til menntaráðs í lok árs. Í skýrslu hans koma fram tillögur um forsendur til að víkka út starfsemi versins, að verkefnum sem brýnt er að hleypa af stokkunum og hugmyndir að rekstrarfyrirkomulagi. Á grunni vinnu starfshópsins og vinnuhóps um fjarkennslu á leik- og grunnskólastigi, sem og starfshóps um fullorðinsfræðslu, fól menntaráð Menntasviði að gera drög að heildstæðri stefnumörkun um fjarkennslu á vegum borgarinnar og leggja fyrir menntaráð.

Eftirlit

Eftirlit menntaráðs með skólalahaldi í borginni fór einkum fram með svörum við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöðum um mörg mál sem lögð voru reglulega fyrir ráðið. Skóladagatöl allra grunnskóla voru yfirfarin og staðfest af menntaráði. Kallað var eftir umbótaáætlunum og upplýsingum um stöðu sjálfsmats í grunnskólum borgarinnar í lok árs. Lagðar voru fyrir ýmsar kannanir til að fylgjast með skólalahaldi og árangri nemenda, m.a. lesskimun fyrir nemendur í 2. bekk, stærðfræðiskimun með Talnalykli fyrir nemendur í 3. bekk og könnun á tölvunotkun í grunnskólum. Þá var gerð könnun á líðan grunnskólabarna á miðstigi og viðhorfum starfsmanna á Menntasviði og í grunnskólunum til vinnustaðarins og starfa sinna. Fulltrúar frá Framkvæmdasviði kynntu ráðinu áætlanir um stofnframkvæmdir leik- og grunnskóla og gerðu grein fyrir viðhaldi og viðgerðum á skólabyggingum.

Um verðlaun og styrki menntaráðs, sjá 7. kafla bls. 47.



Samþykkt fyrir menntaráð Reykjavíkurborgar

- samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005

Umboð

1. gr.

Menntaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Verksvið

2. gr.

Menntaráð mótar stefnu í menntamálum á vegum Reykjavíkurborgar, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skóla- starfs. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

3. gr.

Menntaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994 og skólanefndar skv. grunnskólalögum nr. 66/1995. Þá fer menntaráð með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lítur að daggæslu í heimahúsum.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur menntaráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sviði menntamála:

1. Gerir tillögu til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum.
2. Hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995, með síðari breytingum.
3. Hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.m.t. að öll skólaskyld börn í Reykjavík njóti lögboðinnar menntunar og að áætlanir um starfstíma nemenda grunnskóla ár hvert hljóti staðfestingu ráðsins.
4. Fylgir eftir framkvæmd 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla.
5. Hefur eftirlit með daggæslu barna í Reykjavík, sbr. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992. Er jafnframt stefnumótandi á þessu sviði.
6. Hefur eftirlit með starfsemi skólahljómsveita og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.
7. Veitir leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. leikskólalaga nr. 78/1994.
8. Skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefndir/stjórnir tónlistarskóla, sbr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
9. Hefur eftirlit með starfi einkarekinna skóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.
10. Gætir þess að grunnskólum og leikskólum á vegum borgarinnar sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
11. Gætir þess að leikskólar og grunnskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um byggingu nýrra leikskóla og grunnskóla eða viðbyggingar við eldri skóla.
12. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
13. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög á grunni þjónustusamninga til leikskóla, daggæslu, grunnskóla og tónlistarskóla á vegum annarra aðila en Reykjavíkurborgar, s.s. einkafyrirtækja eða félaga, og hefur frumkvæði að gerð reglna þar um.
14. Stuðlar að samstarfi skóla, s.s. leikskóla og grunnskóla, grunnskóla við framhaldsskóla og tónlistarskóla við leikskóla og grunnskóla.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Menntaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnumkort borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Jafnréttisstefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Stefnu um fjölmennningarlegt samfélag
8. Umhverfisstefnu
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga

11. Stefnu í erlendum samskiptum
12. Siðareglum
13. Leikreglum með fjárhagsáætlun

Skipan

5. gr.

Menntaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Fulltrúar skólastjóra, kennara/starfsmanna og foreldra eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt á skólastjóri rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, sbr. 6. mgr. 13. gr. grunnskólalaga.

Menntaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál eða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður menntaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í menntamálum borgarinnar.

Sviðsstjóri Menntasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana menntaráðs og rekstri og stjórnsýslu sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Menntaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra Menntasviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri Menntasviðs eða staðgengill hans skal sitja fundi menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Menntaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerðar til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Menntasvið sér um skrifstofuhald fyrir menntaráð og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Menntaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal menntaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menntaráð heldur a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Menntaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra Menntasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður menntaráðs og sviðsstjóri Menntasviðs kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra Menntasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Menntaráð ræður skólastjóra leikskóla og grunnskóla að fenginni tillögu sviðsstjóra, sbr. 12. gr.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á Menntasviði.

Fullnaðarafgreiðslur

12. gr.

Menntaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum:

- a. Ræður skólastjóra grunnskóla, sbr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995.
- b. Ræður skólastjóra leikskóla, sbr. 12. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, með síðari breytingum.
- c. Veitir leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. leikskólalaga nr. 78/1994.

Menntaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a–c til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

Framangreindar afgreiðslur menntaráðs, sbr. a–c-lið 1. mgr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra Menntasviðs fer skv. viðauka 2.5 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.

Málsmeðferð

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menntaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal menntaráð taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.


Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir fræðsluráð frá 7. nóvember 2002 og leikskólaráð frá 21. mars 2002, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði b og c liðar 12. gr. um fullnaðarafgreiðslur menntaráðs taka gildi er samsvarandi breytingar á viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hafa tekið gildi.

Samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005

2. MENNTASVIÐ - STÆRSTA FAGSVIÐ BORGARINNAR



Þann 1. júní 2005 tók gildi nýtt skipurit fyrir stjórnsýslu menntamála þegar Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Leikskólar Reykjavíkur voru formlega sameinuð undir nýtt Menntasvið. Með sameiningunni var stefnt að því að skapa heildarsýn yfir skólamál, auka samþættingu og efla faglegt starf í leik- og grunnskólum í Reykjavík. Þessar stjórnkerfisbreytingar í menntamálum voru liður í breyttu fyrirkomulagi á öllu stjórnkerfi borgarinnar, en með þeim varð Menntasviðið eitt af tíu stjórnsýslusviðum og það stærsta með árlega veltu upp á rúma 20 milljarða króna. Undir það heyra 38 grunnskólar og 80 leikskólar. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri Reykjavíkur var skipaður sviðsstjóri, en vorið 2005 lét Bergur Felixson af embætti framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur eftir um þriggja áratuga starf.

Menntasvið er starfsvettvangur barna og unglunga í borginni á aldrinum átján mánaða til sextán ára svo og kennara þeirra, skólustjórnenda og annarra starfsmanna skólanna. Þá heyra nemendur og starfsmenn Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita undir sviðið, auk starfsfólks aðalskrifstofu Menntasviðs að Fríkirkjuvegi 1.

Breytingaferlið

Um leið og borgarráð hafði samþykkt breytingar á stjórnskipulagi borgarinnar með stofnun þjónustumiðstöðva

vorið 2004 og breytingar á skipuriti borgarinnar haustið 2004, og þar með stofnun nýs Menntasviðs, hófst undirbúningur að stofnun sviðsins. Hulda Dóra Styrmisdóttir var ráðin breytingastjóri til að leiða ferlið ásamt sviðsstjóra og svokölluðum breytingahópi. Hún hóf störf 1. janúar 2005 og var ráðningartími hennar til 31. maí 2005. Breytingahópurinn var skipaður fjórum stjórnendum og starfsmönnum frá hvorri stofnun. Hann gerði m.a. áætlun um verkefni sem vinna þurfti á undirbúningstíma samrunans, skilgreindi leiðarljós og samskiptareglur fyrir breytingaferlið, miðlaði upplýsingum um stöðuna hverju sinni og tók á ýmsum málum sem upp komu. Breytingahópurinn var mikilvægur umræðuvettvangur um sérstöðu hvors skólastigs og jók skilning og þekkingu starfsfólks á fagsviðum hvors hóps um sig.

Í kjölfar þess að breytingahópurinn kortlagði öll verkefni beggja stofnana voru um 40 verkþættir skilgreindir út frá 7 yfirflokkum: Sameiginleg sýn, stefna, skipulag, kerfi, þekking og hæfni, menning og starfsmenn.

Verkefnin voru afar ólík og misumfangsmikil. Stofnaðir voru 20 vinnuhópar sem allir störfuðu samkvæmt erindisbréfi og skiluðu niðurstöðum sínum í skýrslum til sviðsstjóra. Ábyrgðarmenn fengu upprifjun í verkefnastjórnun og störfuðu eftir skipulögðu vinnuferli með ákveðin leiðarljós og samskiptareglur í huga. Með þessu móti komu langflestir

starfsmenn Fræðslumiðstöðvar og Leikskóla Reykjavíkur á einhvern hátt að móttun tillagna fyrir nýtt Menntasvið.

Í hverjum mánuði frá ársbyrjun 2005 var breytingaferlið á dagskrá á starfsmannafundum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar. Var m.a. leitast við að svara spurningum starfsmanna og eyða óvissu eftir því sem kostur var á. Einnig var sendur út „breytingapóstur“ vikulega til að stuðla að því að upplýsingaflæði væri sem best. Breytingaferlið var rætt á fundum með leik- og grunnskólastjórum og kappkostað að leita eftir viðhorfum þeirra. Þegar Menntasvið tók formlega til starfa 1. júní 2005 má segja að fyrri hluta breytingaferlisins, þ.e. undirbúningi samrunans, hafi lokið. Þá hófst hinn eiginlegi samruni og fluttu starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur þá starfstöðvar sínar á aðalskrifstofu Menntasviðs að Fríkirkjuvegi 1. September til desember voru skilgreindir sem innleiðingarmánuðir breytinga. Með stofnun sviðsins hóf framkvæmdastjórn þess störf, en hana skipa forstöðumenn allra starfseininga á aðalskrifstofu. Innleiðing breytinga var á hennar ábyrgð. Framkvæmdastjórn vann að fjölmörgum verkefnum sem fylgdu aðkomu að nýjum málaflokkum, s.s. breytttri starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Sú vinna skapaði reyndar gott tækifæri til að hefja samþættingu á áherslum á skólastigunum tveimur. Formlegu sameiningarferli lauk um sl. áramót.

Flutningur verkefna til þjónustumiðstöðva

Með stjórnkerfisbreytingum borgarinnar tók til starfa nýtt þjónustu- og rekstrarsvið. Undir það heyrir sérfræðiþjónusta við borgarbúa á sviði velferðarmála, fþrótt- og tómstundamála og menntamála. Starfsmenn, sem sinntu ýmis konar faglegri þjónustu á skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur og hjá Fræðslumiðstöð, fluttu því á miðju ári til sex þjónustumiðstöðva borgarinnar. Hér var m.a. um að ræða leikskólaráðgjöf, kennsluráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu og nýbúaðþjónustu. Þá sjá þjónustumiðstöðvar nú um innritun í leikskóla og ráðgjöf til dagforeldra. Um flutning þessara verkefna er fjallað í þjónustusamningi sem Menntasvið gerði við þjónustu- og rekstrarsvið í júníbyrjun.

Aðalskrifstofa

Hlutverk aðalskrifstofu Menntasviðs er að sjá til þess að ákvarðanir menntaráðs komist til framkvæmda og bera ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins og stofnana sem undir það heyra. Eftir að breytingaferlið hófst settu starfsmenn á aðalskrifstofu sér fljótlega leiðarljós: *Aðalskrifstofa Menntasviðs er lærdómssamfélag þar sem lögð er áhersla á árangur í starfi og að traust og gleði einkenni samskipti og samvinnu.* Þar er starfað eftir gildunum: *Forysta, vel-liðan, virðing.*

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan hefur yfirumsjón með stefnumörkun og innleiðingu breytinga, annast gagnavinnslu fyrir sviðið, samskipti innanlands og utan, upplýsingamiðlun og kynningarmál, gæðamál, skjalastjórnun og almenna afgreiðslu erinda. Skrifstofan veitir jafnframt menntaráði þjónustu og undirbýr og sér um fundi þess. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir veitir skrifstofu sviðsstjóra forstöðu og er aðstoðarsviðsstjóri. Á skrifstofunni starfa einnig upplýsingafulltrúi sviðsins, alþjóðafulltrúi sem jafnframt er ritari menntaráðs og stjórnunarritari.

Skrifstofa sviðsstjóra skiptist í tvær deildir: Móttöku- og upplýsingadeild og gagnadeild.

Móttöku- og upplýsingadeild

Deildin sinnir fjórum meginverkefnum; símsvörun, afgreiðslu, skjalavörslu, ræstingum og rekstri aðalskrifstofu. Steinunn Hjartardóttir veitir deildinni forstöðu og starfsmenn eru 11 í tæplega 10,5 stöðugildum. Verkefni deildarinnar á árinu mörkuðust talsvert af þeim skiplagsbreytingum sem áttu sér stað, s.s. að sameina og endurnýja skjalakerfi fyrir nýtt Menntasvið og gera endurbætur á skrifstofuhúsnæðinu.

Gagnadeild

Stofnuð var ný gagnadeild beggja skólastiga. Meginhlutverk hennar er að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunnskólastarf borgarinnar, sinna áætlunargerð, rannsóknnum á skólastarfi, skráningu og innritun grunnskólánemenda og spám um nemendafjölda. Deildarstjóri er Hildur Björk Svavarsdóttir. Auk hennar starfa á deildinni nemendaskrárritari og 3 sérfræðingar. Á árinu 2005 tóku verkefni deildarinnar mið af því að sameina og samræma gagnaöflun frá báðum skólastigum, svo og kannanir og rannsóknir.

Sérverkefni

Undir sviðsstjóra heyra sérverkefni er snúa að rekstri fjögurra skólahljómsveita, stuðningi við 20 tónlistarskóla, fullorðinsfræðslu á vegum Námsflokka Reykjavíkur og fjárframlög vegna mikið fatlaðra nemenda í leik- og grunnskólum.

Námsflokkar Reykjavíkur

Vorið 2005 voru gerðar miklar breytingar á Námsflokkunum í samræmi við skýrslu vinnuhóps um endurskoðun starfseminnar. Björg Árnadóttir var ráðinn nýr forstöðumaður og tók hún við af Guðrúnu Halldórsdóttur sem hafði sinnt því starfi um árabil. Þá hófst markviss stefnumótunarvinna fyrir félagslega menntastefnu sem lauk á árinu 2006. Hugtakið félagsleg menntastefna byggir á þeirri hugmynd að menntun hvetji fólk til sjálfshjálpar.

Helstu áherslur í starfsemi Námsflokka á árinu 2005

- Hætt var að bjóða upp á tómstundanámskeið og áfanga á framhaldsskólastigi.
- Samvinna hófst við önnur fræðslufyrirtæki/skóla um kennslu og námskeiðahald.
- Ráðnir voru tveir náms- og starfsráðgjafar til starfa á þjónstumiðstöðvunum.
- Þriggja ára þjónustusamningur var gerður við Mími-símenntun um íslenskukennslu fyrir útlendinga og þróun námsefnis.

Tónlistarfulltrúi

Tónlistarfulltrúi er næsti yfirmaður stjórnenda fjögurra skóla-hljómsveita í Reykjavík og tengiliður við 20 tónlistarskóla sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg. Hann er fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn tónlistarskóla sem borgin hefur gert þjónustusamninga við og ber ábyrgð á nefndum og starfshópum um málefni tónlistarfræðslunnar sem starfa á vegum menntaráðs eða Menntasviðs. Laufey Ólafsdóttir tók við starfi tónlistarfulltrúa á árinu 2005.

Helstu áherslur í starfi tónlistarfulltrúa á árinu 2005

- Unnið að heildarskipan í starfsemi skólahljómsveita.
- Unnið að stefnumótun í tónlistarfræðslu fyrir Reykjavíkurborg í samvinnu við skólastjóra tónlistarskóla og stjórnendur skólahljómsveita.
- Rafræn Reykjavík, innritun í tónlistarskóla, þróuð í samráði við skólastjóra tónlistarskóla.

Sérkennslufulltrúi

Meginverkefni sérkennslufulltrúa leik- og grunnskóla er að hafa yfirumsjón með fjáframlögum vegna mikið fatlaðra nemenda, vera tengiliður við ýmsa er málið varðar og veita ráðgjöf til skóla. Lögð er áhersla á að úthlutað sé á grunni sálfræðilegra greininga og farið eftir þar til gerðum viðmiðum til að tryggja jafnræði. Arthur Morthens sinnir þessu verkefni. Hann leiðir jafnframt sérkennsluteymi sem hefur það meginverkefni að fjalla um námsaðstæður barna með miklar sérþarfir og úthlutun fjármagns til skóla vegna þeirra.

Helstu áherslur á sviði sérkennslu á árinu 2005

- Við stofnun Menntasviðs var ákveðið að líta á stuðning við mikið fötluð börn í leik- og grunnskólum í heildarsamhengi og stuðla að því að góðar upplýsingar bærust úr leikskóla yfir í grunnskóla sem byggðu á sambærilegum viðmiðum. Liður í því var að undirbúa samræmdar úthlutunarreglur fyrir sérkennslu.
- Viðvarandi verkefni er að styrkja faglega færni kennara og skólastjórna til að takast á við þau flóknu verkefni sem skapast þegar stefnu um skóla án aðgreiningar er framfylgt.

Leikskólaskrifstofa

Skrifstofan vinnur að þróun leikskólastarfs og undirbúningi stefnumörkunar á því sviði. Hún hefur eftirlit með leikskólastarfi og sér um upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins. Þá hefur leikskólaskrifstofa yfirumsjón með nefndarstörfum og starfshópum sem starfa að málefnum leikskólans og undirbýr hönnun og smíði leikskólabygginga í samvinnu við Framkvæmdasvið. Skrifstofustjóri er Hildur Skarphéðinsdóttir. Hún er næsti yfirmaður 80 leikskólastjóra. Auk skrifstofustjóra starfa þrír starfsmenn á leikskólaskrifstofu og sinna verkefnastjórnun, hafa yfirumsjón með innritun og skráningu barna í leikskóla, sinna eftirliti með einkareknum leikskólum og eftirliti og umsjón með útgáfu leyfa til daggæslu í heimahúsum.

Mánaðarlega stendur leikskólaskrifstofa fyrir fundum með öllum leikskólastjórum og reglulega er fundað með samráði þeirra. Þá skipuleggur skrifstofan símenntun leikskólastjórna í samvinnu við Starfsmannabjónustu Menntasviðs, svo og ráðgjöf við leikskólastjóra um stjórnun.

Helstu áherslur í starfsemi leikskólaskrifstofu á árinu 2005

Á árinu 2005 var lögð sérstök áhersla á að leikskólar ynnu að skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðuðu námi. Þá var unnið markvisst að því að auka og efla samstarf foreldra og leikskóla.

- Sérstaklega var hugað að elstu börnunum og leikskólar voru styrktir til að vinna afmarkaða námskrá fyrir 5 ára börnin.
- Unnið var að undirbúningi nýrra leikskóla í Grafarholti og Fossvogi og nýrra deilda í tveimur leikskólum.
- Unnið var að því að styrkja leikskólastjóra sem stjórnendur, m.a. með námskeiðahaldi.
- Endurskoðaðar voru reglur um úthlutun styrkja úr þróunarsjóði og hafði skrifstofan umsjón með úthlutun þeirra svo og styrkja til til náms- og kynnisferða leikskóla erlendis.
- Samráð við leikskólastjóra og leikskólakennara um stefnumótun.

Grunnskólaskrifstofa

Skrifstofan vinnur að þróun grunnskólastarfs og undirbúningi stefnumörkunar, annast mat og eftirlit með skólastarfi, sér um upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins. Ráðgjöf við foreldra er hluti af verkefnum skrifstofunnar og hún undirbýr jafnframt hönnun og smíði skólabygginga í samvinnu við Framkvæmdasvið.

Anna Kristín Sigurðardóttir er skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu. Skólastjórar 38 grunnskóla heyra beint undir hana. Á grunnskólaskrifstofu störfuðu þrír verkefnisstjórar. Mánaðarlega stendur grunnskólaskrifstofa fyrir fundum með öllum grunnskólastjórum, reglulega er fundað með

samráði þeirra og skrifstofan skipuleggur símenntun, kynningar- og fræðsluferðir skólastjóra o.fl.

Helstu áherslur í starfsemi grunnskólaskrifstofu á árinu 2005

Áhersla var lögð á að styðja við faglega þróun grunnskólans í átt til einstaklingsmiðaðs náms og leitast við að skýra ferla og vinnubrögð í þjónustu við grunnskólana í nýju skipulagi. Helstu málaflokkar sem unnið var að tengdust mati á skólastarfi, stuðningi við þróunarstarf af ýmsum toga og stuðningi við stjórnendur grunnskóla.

- Í lok árs var kallað eftir umbótaáætlun frá hverjum skóla sem byggðist á sjálfsmati þeirra.
- Hrundið var af stað tilraunaverkefni um breytta viðmiðunarstundaskrá sem sjö skólar tóku þátt í.
- Endurskoðaðar voru reglur um úthlutun fjármagns vegna kennslu nemenda af erlendum uppruna.
- Unnið var að því að efla foreldraráð í samstarfi við SAMFOK.
- Unnin var forsögn viðbyggingar við Ölduselsskóla í samstarfi við Framkvæmdasvið og skólastjórnendur.
- Gögnum var safnað um ferli nemanda í einstaklingsmiðuðu námi.
- Námskeið um að leiða breytingar var haldið fyrir skólastjórnendur.
- Samráð var haft við stjórnendur, foreldra og grunnskólakennara um stefnumótun.
- Endurskoðaðar voru reglur um úthlutun þróunarstyrkja og úthlutað samkvæmt þeim.

Fjármálastjórnun

Yfirumsjón með fjármálum menntamála í Reykjavík er hjá fjármálastjórnun en heildarfjárhagsrammi sviðsins er um 20 milljarðar króna á ári. Helstu verkefni deildarinnar snúast um stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhald, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirlit, innheimtu og ráðgjöf. Verkefnisstjóri byggingarmála sér um ýmis verkefni er tengjast húsnæðismálum, búnaði, mötuneytum skólanna og skólaakstri. Runólfur Birgir Leifsson er fjármálastjóri Menntasviðs.

Í árslok 2005 voru starfsmenn fjármálastjórnunar 33 talsins og störfuðu þeir á þremur deildum, fjármáladeild, launaþjónustu og bókhaldsþjónustu.

Fjármáladeild

Alls störfuðu 11 manns í fjármáladeild og sinntu fjárhags- og rekstraráætlun, búnaði, tölfraði, fjárhagseftirliti og innheimtu. Deildarstjóri var Hallur Símonarson. Fjórir starfsmenn sáu um innheimtu og greiðslur til einkaskóla og sveitarfélaga. Aðrir sinntu m.a. útboðum, innleiðingu á raf-rænu markaðstorgi, afstemmingum, ferðareikningum o.fl.

Launaþjónusta

Í launaþjónustu störfuðu 10 manns, en deildin annaðist launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir menntamálin heyrja eða alls um 4.300 manns. Deildarstjóri var Dagný Leifsdóttir.

Bókhaldsþjónusta

Í bókhaldsþjónustu störfuðu 10 manns og sáu um bókhaldsþjónustu fyrir alla leik- og grunnskóla og aðrar rekstrar-einingar. Þar voru bókuð yfir 80.000 fylgiskjöl á árinu. Deildarstjóri var Guðrún Eiríksdóttir.

Á árinu hófst undirbúningur vegna flutnings launadeildar í miðlæga launaafgreiðslu fyrir alla Reykjavíkurborg og bókhaldsdeildar í miðlæga deild fyrir alla borgina samkvæmt ákvörðun borgarráðs.

Helstu áherslur í starfsemi fjármálastjórnunar á árinu 2005

- Fjárhagsáætlun er jafnan viðamikil verkefni fjármálastjórnunar. Fjárhagsáætlun á árinu vegna ársins 2006 var sérlega krefjandi verkefni vegna sameiningar á fjárhagsrömmum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.
- Samræming ferla og vinnubragða vegna stofnunar Menntasviðs.
- Útreikningar vegna flutnings á fjármagni til þjónustu- og rekstrarsviðs.
- Innkaupakort voru innleidd í flestum leikskólum.
- Gerðir voru þriggja ára þjónustusamningar við flesta tónlistarskóla.
- Unnið var að launaleiðréttingum í kjölfar nýs starfsmats og hæfnislauna.
- Unnið var að fjölmörgum öðrum verkefnum, s.s. samningum við Mími vegna Námsflokka, breytingum á ferlum um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla með tilliti til rafrænnar innritunar, breytingu á reglum um úthlutun fjármagns til nýbúakennslu og innleiðingu smartkorta hjá borginni.

Starfsmannþjónusta

Verkefni starfsmannþjónustu skiptast í þrjá meginþætti:

1. Vinnurétt og ráðningar, s.s. ráðgjöf um ýmis réttindamál, kynning og túlkun kjarasamninga og námskeið.
2. Vinnuúthverfi, s.s. ráðgjöf og úrlausn vegna ágreinings- og eineltismála, áhættumat, skipulagning og fræðsla á starfsdögum í leik- og grunnskólum, námskeið, fyrirlestrar og eftirfylgd vinnustaðagreininga.
3. Starfsþróun og símenntun, s.s. aðstoð við gerð símenntunaráætlana, umsjón með námskeiðum fyrir skólastjórnendur, skipulag náms fyrir sérhæfða starfsmenn í leik- og grunnskólum og þróun nýrra leiða í menntun/

símenntun fyrir starfsmenn, t.d. í notkun upplýsingatækni í skólastarfi, nám fyrir starfsfólk í mótuneytum og ritara í grunnskólum.

Starfsmannabjónustan veitir stjórnendum fjölþætta þjónustu og ráðgjöf, heldur utan um starfsauglýsingar og hefur umsjón með ráðningum stjórnenda í skólunum og starfsmanna á aðalskrifstofu. Starfsmannastjóri annast formleg samskipti við stéttarfélög og á sæti í samninganefnd borgarinnar. Ingunn Gísladóttir er starfsmannastjóri og veitir starfsmannabjónustunni forstöðu. Starfsmenn voru í árslok 7 talsins.

Helstu áherslur starfsmannabjónustu á árinu 2005

- Stuðningur við stjórnendur í starfsmannastjórnun.
- Á haustönn var veitt sérstök aðstoð við leit að starfsmönnum og leikskólastjórum veitt handleiðsla vegna manneklu.
- Fræðsla, úrvinnsla og eftirfylgd í kjölfar vinnustaðagreiningar í grunnskólum.
- Unnið var að undirbúningi sérhæfðs náms fyrir ritara í grunnskólum og fleiri hópa, m.a. í samvinnu við V.Í. og fleiri framhaldsskóla.
- Sérstakt tilraunaverkefni um handleiðslu fyrir stjórnendur leikskóla í Vesturbæ.

Upplýsingatækniþjónusta

Upplýsingatækniþjónusta sér um rekstur netmiðlara og nærneta á starfstöðvum sviðsins, skipulag og uppsetningu á tölvukerfum og notendabjónustu. Þá sér hún um að innleiða nýjungar í upplýsingatækni og skráir gögn skólasafnanna í Gegni, upplýsingakerfi bókasafna. Sigbór Örn Guðmundsson er forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu og starfsmenn deildarinnar eru 15 talsins.

Helstu áherslur í upplýsingatækniþjónustu á árinu 2005

- Tölvukerfi leik- og grunnskóla voru sameinuð í eitt kerfi, vinnuferli samræmd og sameiginleg upplýsingabjónusta Menntasviðs skipulögð.
- Keypt var og innleitt nýtt netnámskerfi fyrir grunnskólana (Blackboard).
- Tölvukostur leikskóla var bættur svo og aðgengi þeirra að upplýsingatækni og þjónustu.
- Öllum umsóknum um skólavist í grunnskóla var komið í *Rafræna Reykjavík*.
- Gerður var þjónustusamningur við grunnskóla um 1. stigs notendabjónustu.
- Tekið var í notkun nýtt bókasafnskerfi fyrir skólabókasöfnin.

Skólasafnamiðstöð

Með skipulagsbreytingunum á miðju ári 2005 varð

Skólasafnamiðstöð grunnskólanna hluti af upplýsingatækniþjónustu Menntasviðs. Miðstöðin starfaði allt árið í bráðabirgðahúsnæði í Hvassaleitisskóla. Sex starfsmenn, þar af þrír bókasafnsfræðingar, vinna hjá Skólasafnamiðstöð. Alls voru skráðar þar um 1.400 bækur og önnur gögn fyrir skólana á árinu 2005.

Starfsáætlun Menntasviðs

Leikskólar Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð gerðu hvor sína starfsáætlun fyrir árið 2005, en strax á sumarmánuðum 2005 hófst vinna við sameiginlega starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2006. Fundað var með grunnskóla- og leikskólastjórum, stjórnendum skólahljómsveita og stjórnendum Námsflokkanna. Í september hófust vikulegir vinnufundir á Menntasviði og stóðu þeir fram í októberlok. Fyrstu drög að starfsáætlun voru lögð fyrir menntaráð 6. október og í lok þess mánaðar voru þau send með fjárhagsáætlun til umfjöllunar hjá skólastjórum og í foreldra- og kennararáðum. Jafnframt var leitað samráðs við SAMFOK. Opinn borgarafundur um meginmarkmið starfsáætlunar var haldinn í sal aðalskrifstofu Menntasviðs í nóvember. Um miðjan desember var fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarstjórn og þar með meginforsendur starfsáætlunar Menntasviðs.

Erlend samskipti

Erlend samskipti verða æ mikilvægari þáttur í forystuhlutverki Reykjavíkurborgar í menntamálum á báðum skólastigum og því var ákveðið að stofna til starfs alþjóðafulltrúa í hálfu starfi á sviðinu. Laura Bergs gegnir því starfi samhliða störfum sem ritari menntaráðs. Námsferðir til útlanda eru fastur liður í starfsemi Menntasviðs. Tilgangur þeirra ferða er að fylgjast með þróuninni, sjá hvar við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir og læra af þeim.

- Fræðslustjóri og skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu sóttu ráðstefnu ICSEI (International Congress for School Effectiveness and Improvement) sem haldin var í Barcelona 2. – 5. janúar. Fræðslustjóri flutti þar fyrirlestur um þróun til einstaklingsmiðaðs náms í Reykjavík.
- Í byrjun janúar var ráðstefna norrænu skólasafnasamtakana haldin hér á landi og sóttu hana tveir starfsmenn skólasafnamiðstöðvar.
- Í janúar hélt fræðslustjóri fyrirlestur við háskólann í Wisconsin í Bandaríkjunum og fjallaði þar um hvernig við nýtum okkur reynslu og hugmyndir annara þjóða til að brúa skólastarf í Reykjavík.

- Árleg námsferð skólastjóra grunnskóla var farin til Stokkhólms 15.–18. mars. Auk 12 skólastjóra fóru



fræðslustjóri, aðstoðarmaður fræðslustjóra, starfsmannastjóri og fjármálastjóri í ferðina. Megintilgangur hennar var að kynna sér skipulag skólajónustu í borgarhlutum Stokkhólmsborgar.

- Kennsluráðgjafi á þjónustusviði sat í mars vinnufund í Kaupmannahöfn um norrænt samstarfsverkefni um bráðger börn (Nordic Research Network for Education of Gifted Children).
- Sálfræðingur á Ráðsgjafar- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur sótti í maí ráðstefnu á vegum ECAD sem haldin var í Osló.
- Í lok maí sóttu tónlistarfulltrúi og upplýsingafulltrúi alþjóðlegt málþing um framtíð listgreinakennslu í Stokkhólmi. Sérstök áhersla var lögð á tónlistarkennslu og þróun listaskóla sem kenna allar listgreinar.
- Í maí fór ráðgjafi um foreldrasamstarf í námsferð til Essex í Englandi. Hann heimsótti skóla og átti fundi

með skólustjórum og ráðgjöfum sem annast eftirlit með úrbótum í skólastarfi.

- Dagana 19. – 21. júní var haldinn árlegur fundur fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda. Að þessu sinni var fundað í Stokkhólmi og sóttu fundinn sviðstjóri, fjármálastjóri og skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu Menntasviðs.
- Þrír starfsmenn í starfsmannajónustu sóttu ráðstefnu í Kaupmannahöfn dagana 24. – 26. ágúst. Hún bar yfirskriftina *Nordisk lys*. Þar var fjallað um það sem efst er á baugi í starfsmannamálum í stærstu sveitarfélögum Norðurlanda.
- Í byrjun september sótti skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu árlega ráðstefnu samtakanna EECERA (European Early Childhood Education Research Association) í Dublin á Írlandi. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar að þessu sinni var *Young children as citizens – identity, belonging, participation*.

- Í lok september fór skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á námstefnu með fræðimanninum Michael Fullan í Stokkhólmi þar sem fjallað var um hvernig leiða megi breytingar í skólastarfi.
- Sviðsstjóri, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu og hópur kennara og stjórnenda úr Breiðholtsskóla fóru í októberbyrjun til Helsingjaborgar í Svíþjóð til að kynna sér einstaklingsbundnar námsáætlanir í grunnskólum þar.
- Árleg náms- og kynnisferð leikskólustjóra var farin til Helsinki og Espoo í Finnlandi 1. – 6. nóvember. Tíu leikskólustjórar, sviðsstjóri og skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu kynntu sér uppbyggingu leikskóla, leikskólastarf og samþættingu leikskóla við yngstu bekki grunnskóla.
- Verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu sat í nóvember norræna ráðstefnu í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var um þróun og mat á skólastarfi (*Forandringsprocesser i skolekulturen – udvikling under pres*).
- Forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur fór um miðjan nóvember á fund í norrænu tengslaneti um formlega full-orðinsfræðslu og sat í leiðinni ráðstefnu um raunfærni-mat í Lillehammer í Noregi.
- Ábyrðarmaður um sérkennslu sótti í nóvember ráðstefnu í Brussel um mat á stöðu nemenda með sérþarfir.
- Í janúar sóttu starfsmenn tölvudeildar tölvu- og hugbúnaðarsýningu í London og í mars sat forstöðumaður tölvudeildar ráðstefnu í Þýskalandi um nýjungar í tölvutækni. Í desember fóru forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu og tveir verkefnisstjórar af grunnskólaskrifstofu og starfsmannþjónustu til Amsterdam í þeim tilgangi að kynna sér Blackboard-netnámsumhverfi.

Móttaka erlendra gesta

Margir erlendir gestir heimsóttu aðalskrifstofu Menntasviðs og leik- og grunnskóla í borginni á árinu 2005. Mjög færist í vöxt að erlendir aðilar óski eftir kynningu á starfsemi sviðsins og að fá að heimsækja skólastofnanir. Að auki er jafnan óskað eftir almennri kynningu á íslensku skólakerfi og áherslum fræðslufirvalda í Reykjavík. Þá vilja erlendir gestir gjarnan kynna sér afmarkaða þætti í skólastarfi, s.s. stefnu í sérkennslumálum, og vert er að nefna að þróun grunnskólanna í Reykjavík í átt til einstaklingsmiðaðs náms hefur vakið verulega athygli í grannríkjunum.

Meðal þeirra sem sóttu okkur heim á árinu 2005 var 40

manna hópur skólastjórnenda, kennara og þroskajálfa frá Danmörku sem kynnti sér aðstæður og úrræði fyrir fötluð börn. Einnig heimsótti okkur hópur Norðmanna sem vildi fræðast um kynjajafnrétti í leik- og grunnskólum, forsvarsmenn norrænna skólaþróttaleika og samstarfsmenn leik- og grunnskóla í hinum ýmsu Comeníusar-verkefnum. Í maí var tekið á móti 25 sænskum stjórnendum grunnskóla sem kynntu sér skipulag skólastarfs og sérkennslu. Í byrjun nóvember tók Menntasvið á móti og hafði milligöngu um heimsókn 450 starfsmanna sænska sveitarfélagsins Vara. Þar voru á ferð allir starfsmenn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og var heimsóknin liður í starfsþjálfun þeirra. Að auki bárust margar beiðnir erlendis frá um að koma á tengslum við nemendur og kennara í grunnskólum, flestar frá Norðurlöndunum.

Ráðstefnur og viðburðir

Menntasvið skipulagði ýmsa viðburði á árinu, gjarnan í samstarfi við hagsmunaaðila:

• Skóli á nýrri öld 2005

Þann 9. febrúar 2005 var haldin á Nordica hóteli ráðstefna fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Skóli á nýrri öld – Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda*. Aðalfyrirlesari var Dee Thomas, skólastjóri Minnesota New Country School í Bandaríkjunum. Fyrirlesturinn nefndi hún *No Classes, No Bells, but Great Individualized Learning*. Einnig flutti Ólöf Steinþórsdóttir, lektor við University of North Carolina í Church Hill, Bandaríkjunum fyrirlestur um einstaklingsmiðað nám í stærðfræði. Ráðstefnan var haldin í samvinnu Kennarafélags Reykjavíkur, Skólastjórafélags Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar og var þar í fimm málstofum fjallað um kennarann í nýju hlutverki, nemandann í nýju hlutverki, tengsl við grenndarsamfélagið, samþættingu list- og verkgreina og upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu. Yfir 500 kennarar sóttu ráðstefnuna.

• Ráðstefna um þjónustu við erlend börn og ungmenntu

Þann 16. febrúar 2005 stóðu Leikskólar Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð ásamt öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar fyrir ráðstefnu í Norræna húsinu undir heitinu *Öll heimsins börní Reykjavík*. Þar voru flutt fjölmörg stutt erindi um ýmis fjölmenningarverkefni, m.a. á vegum Leikskóla Reykjavíkur, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og ÍTR.

• Vetrarhátíð og tónleikar

Í febrúar tóku reykvrísk leikskólabörn þátt í vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Að þessu sinni var þemað *Trúir þú*

á álfa og huldufólk? Börnin leituðu uppi bústaði álfa og huldufólks í Reykjavík og skildu sum eftir handa þeim fallegar gjafir sem þau höfðu sjálf búið til.

Á hverju ári býður Sinfóníuhljómsveit Íslands elstu börnunum í leikskólanum á tónleika. Á efnisskrá árið 2005 voru *Prumur og eldingar* eftir Jóhann Strauss og *Sagan af nautinu Ferdinand* eftir Herbert Haufrecht.

- **Málþing um jafnréttisuppeldi**

Leikskólar Reykjavíkur stóðu 20. maí fyrir málþingi um jafnréttisuppeldi á Grand Hótelu fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólanna og var það vel sótt. Aðalfyrirlesari var Ingólfur Á. Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri sem hélt erindið *Karlmennska, kvenleiki, skólastarf og fagmennska*. Á málþinginu var jafnframt kynntur nýr bæklingur um jafnréttisuppeldi, en í honum eru m.a. leiðbeiningar og gátlistar til að styðjast við.

- **Kynningarfundir um einstaklingsmiðað nám**

Dagana 9. og 10. nóvember 2005 efndi menntaráð til opinna funda fyrir skólafólk og foreldra um einstaklingsmiðað nám í grunnskólum þar sem kynnt var nýtt matstæki fyrir skóla. Fyrri fundurinn var haldinn í Hlíðaskóla og sá síðari í Breiðholtsskóla og voru báðir vel sóttir. Líflegar umræður voru um stefnumið í fræðslumálum, námsmat og hvernig tryggja mætti jafnræði í kennsluáttum grunnskólanna í borginni.

- **Heimsóknir borgarstjóra**

Borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, heimsótti alla grunnskólana á árinu 2005, ræddi við nemendur og starfsfólk og kynnti sér skólastarfið.

Nýir skólar, viðbyggingar og skóflustungur

Nýr leikskóli, sem fékk nafnið Reynisholt og er fyrir 70 börn, tók formlega til starfa við Gvendargeisla í Grafarholti 30. nóvember 2005. Í honum verður lögð áhersla á nám í lífsleikni, s.s. sjálfshjálpi barna, dyggðir, jógaleiki og slökun.

Nýjar deildir voru opnaðar við leikskólann Hálsakot í Breiðholti og Geislabaug í Grafarholti. Alls fjölgaði leikskólarymum í borginni um 120 á árinu.

Nýtt skólahús fyrir Ingunnarskóla var formlega tekið í notkun haustið 2005. Skólabyggingin er um margt nýstárleg og sérstaklega hönnuð fyrir skóla sem leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám. Í skólanum er jafnframt starfræktur tónlistarskóli. Stór hópur fólks vann að undirbúningi hönnunar skólans undir stjórn bandaríska arkitektsins Bruce A. Jilk, samkvæmt ferlinu *Frá hinu almenna til hins sértæka* (*Design Down Process*).



Ingunnarskóli

Ljósmyndari Christopher Lund

Viðbygging við húsnæði Klébergsskóla var formlega afhent í byrjun júní en hafði þó verið í notkun frá hausti 2004. Í henni eru m.a. almennar skólastofur, aðstaða fyrir stjórnun og fjölnotasalur. Korpuskóli flutti frá Korpúlfsstöðum í nýja skólabyggingu í október og er gert ráð fyrir að leikskóli verði einnig starfræktur í skólahúsinu þegar nemendum grunnskólans fækkar. Á sama hátt og þegar Ingunnarskóli var hannaður tók hópur fólks þátt í hönnunarferli Korpuskóla vorið 2004.

Viðbygging við Breiðagerðisskóla var formlega tekin í notkun haustið 2005. Í henni eru m.a. almennar skólastofur og verk- og listgreinastofur.

Nýr grunnskóli í Norðlingaholti tók til starfa í byrjun skólaárs í færanlegu skólahúsnæði. Tæplega 30 nemendur hófu þar nám á fyrstu vikum skólastarfsins.

Fyrstu skóflustungur voru teknar að viðbyggingu við Vogaskóla og Seljaskóla á árinu 2005.

3. SKÓLASTARF Í TÖLUM

Leikskólar

Á árinu voru 80 almennir leikskólar starfræktir í borginni og 16 einkareknir. Í þeim dvöldu rúmlega 90% barna í Reykjavík á aldrinum 18 mánaða til 5 ára, eða 5.729 börn í lok ársins. Um 90% þeirra dvöldu í 7 klst. eða lengur á dag í leikskólanum. Fyrir áratug var hlutfall barna sem dvaldi allan daginn í leikskóla um 40%. 18 einkareknir leikskólar starfa í borginni og voru þar í lok ársins 648 börn.

Tafla 3.1. Fjöldi barna í almennum leikskólum Reykjavíkur í desember 2005 og stofnár leikskóla

Leikskólar	Fjöldi nemenda	Stofnár	Leikskólar	Fjöldi nemenda	Stofnár	Einkareknir leikskólar	Fjöldi nemenda
Arnarborg	67	1972	Jörfi	104	1997	Efrihlíð	20
Austurborg	90	1974	Klambrar	87	2002	Höfn	28
Álfaborg	63	1968	Klettaborg	77	1990	Leikskólinn 101	25
Árborg	65	1969	Kvarnarborg	61	1987	Listakot	0
Ásborg	122	1987	Kvistaborg	68	1972	Skerjagarður	45
Bakkaborg	111	1972	Laufásborg	96	1952	Sælukot	34
Bakki	74	2003	Laufskálar	79	1996	Vinagerði	60
Barónsborg	35	1950	Laugaborg	102	1966	Regnboginn	72
Berg	55	2004	Leikgarður	67	1993	Fossakot	71
Blásalir	87	2000	Lindarborg	62	1994	Korpukot	88
Brákarborg	54	1952	Lyngheimar	109	1998	Vinaminni	35
Brekuborg	85	1992	Lækjarborg	63	1972	KFUM og K	48
Drafnarborg	34	1950	Maríuborg	112	2002	Lundur	25
Dvergasteinn	59	1998	Mánagarður	62	1996	Sólstafrir	24
Engjaborg	83	1994	Múlaborg	80	1975	Sólgarður	48
Fálkaborg	66	1980	Mýri	41	1989	Ös	25
Fellaborg	53	1973	Njálaborg	55	1981	Samtals:	648
Fífuborg	88	1993	Nóaborg	68	1986		
Foldaborg	65	1986	Rauðaborg	60	1994		
Foldakot	50	1992	Reynisholt	19	2005		
Funaborg	53	1994	Rofaborg	82	1985		
Furuborg	66	1986	Seljaborg	62	1977		
Garðaborg	55	1983	Seljakot	58	1996		
Geislabaugur	102	2004	Sjónarhóll	61	1999		
Grandaborg	63	1985	Skógarborg	32	1969		
Grænaborg	84	1931	Sólbakki	49	2004		
Gullborg	79	1990	Sólborg	74	1994		
Hagaborg	100	1960	Sólhlíð	81	1968		
Hamraborg	83	1964	Stakkaborg	73	1983		
Hamrar	117	2001	Steinahlíð	32	1949		
Hálsaborg	61	1980	Suðurborg	126	1979		
Hálsakot	76	1985	Sunnuborg	91	1970		
Heiðarborg	88	1990	Sæborg	79	1993		
Hlíðaborg	50	1960	Tjarnarborg	47	1941		
Hlíðarendi	24	1963	Vesturborg	67	1979		
Hof	109	1996	Völvuborg	54	1974		
Holtaborg	63	1969	Ægisborg	61	1982		
Hólaborg	68	1977	Öldukot	43	1989		
Hraunborg	71	1984	Ösp	61	1980		
Hulduheimar	93	1997	Samtals:	5.729			
Jöklaborg	113	1988					

Fjöldi barna

1. des. 2005 voru 6.377 börn í leikskólum borgarinnar. Alls voru 5.729 börn í 80 almennum leikskólum og 648 börn í 16 einkareknum. Meðalfjöldi barna á leikskóladeildum var 20,9 á árinu 2005 og breyttist lítið milli ára.


Tafla 3.2. Heildarfjöldi barna eftir gerð leikskóla að hausti 1999–2005 ¹⁾

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Almennir leikskólar	5.474	5.240	5.462	5.772	5.810	5.800	5.729
Einkareknir leikskólar	452	430	572	590	576	640	648
Samtals	5.926	5.670	6.034	6.362	6.386	6.440	6.377

¹⁾ Reykvísk börn í einkareknum leikskólum utan Reykjavíkur ekki talin með.

Tæplega 90% barna sem dvöldu í leikskólum borgarinnar voru þar í 7–9 stundir, en á árinu 1999 dvöldu 58% barna svo lengi í leikskólanum. Aukning á leikskólarýmum á þessu tímabili hefur því fyrst og fremst verið til að mæta þörf fyrir heilsdagsvistun.

Mynd 3.1. Hlutfall barna í hálf dags- og heilsdagsvöl (sjö stundir eða meira) á árunum 1999–2005



Tafla 3.3. Fjölgun leikskólarýma 1994–2005


Ár	Nýjir leikskólar	Rými	Ár	Viðbyggingar	Rými	Ár	Tekið við rekstri	Rými
1994	Engjaborg	83	1995	Kvistaborg	14	1999	Furuborg	66
1994	Funaborg	52	1995	Rauðaborg	8	1999	Skógarborg	32
1994	Lindaborg	60	1995	Gullborg	18	1999	Öldukot	43
1994	Rauðaborg	62	1995	Heiðaborg	18	2004	Berg	35
1994	Sólborg	71	1995	Brekkuborg	18	2004	Sólbakki	35
1996	Hof	104	1995	Laugaborg	10	Samtals:		211
1996	Laufskálar	88	1995	Sæborg	18			
1996	Seljakot	58	1996	Holtaborg	13			
1997	Hulduheimar	88	1997	Árborg	13			
1997	Jörfi	101	1997	Fífuborg	18			
1998	Dvergasteinn	64	1997	Engjaborg	18			
1998	Lyngheimar	104	1999	Hagaborg	20			
1999	Sjónarhóll	63	2002	Jöklaborg	40			
2000	Blásalir	88	2004	Sólbakki	15			
2001	Hamrar	108	2004	Klettaborg	18			
2002	Klambrar	86	2004	Berg	15			
2002	Marfuborg	110	Samtals:		274			
2003	Bakki	68						
2004	Geislabaugur	118						
2005	Reynisholt	68						
Samtals:		1.644						
Alls ný rými:		2.129						
Leikskólarými frá 1931–1993:		3.487						

Börn af erlendum uppruna í leikskólum

Árlega er gerð könnun á fjölda barna af erlendum uppruna í leikskólum. Í þeim hópi eru öll börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna óháð því hvort þeir hafa erlendan eða íslenskan ríkisborgararétt. Í þessum hópi eru ekki þau börn sem ættleidd eru til Íslands frá öðrum löndum.

Börnum af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur hefur fjölgað töluvert á síðastliðnum árum eða um 250 frá árinu 2001. Í desember 2005 voru í leikskólum Reykjavíkur 667 börn af erlendum uppruna, flest í Breiðholti, eða 196. Börnin voru af 81 þjóðerni og töluðu a.m.k. 60 ólík tungumál. Á sama tíma áttu alls 239 börn báða foreldra af erlendum uppruna, en 437 börn áttu annað foreldri íslenskt.

Mynd 3.2. Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur eftir hverfum haustið 2005



Á árinu lauk tilraunaverkefni sem sett var af stað með þremur leikskólum í Fellahverfi til að efla þekkingu og hæfni starfsfólks til að taka á móti sístækkandi hópi barna og foreldra af erlendum uppruna. Einnig var unnið að endurskoðun á fjölmenningsstefnu fyrir leikskóla. Þá voru gefnir út bæklingar á sjö tungumálum um leikskólann fyrir erlenda foreldra leikskólabarna og unnin bæklingur um tvítýngi barna á leikskólastigi.

Leikskólagjöld

Á árinu var sett sú stefna að leikskólar í Reykjavík yrðu gjaldfrjálsir haustið 2008, utan gjalds fyrir máltíðir. Undirbúningur fyrir gjaldfrjálsa leikskóla hófst haustið 2004 þegar öll 5 ára börn fengu þrjár gjaldfrjálsar stundir á dag. Um áramótin 2005–2006 var fellt niður gjald á tveimur stundum til viðbótar fyrir öll börn.

Daggæsla barna í heimahúsum

Við stjórnkerfisbreytingar í Reykjavík skiptust verkefni tengd daggæslu á milli þjónustumiðstöðva á vegum þjónustu- og rekstrarsviðs og Menntasviðs. Hlutverk þjónustumiðstöðva er að sinna ráðgjöf og fræðslu til dagforeldra og foreldra. Menntasvið veitir dagforeldrum starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytis nr. 907 /2005. Á árinu 2005 var veitt 21 nýtt leyfi til daggæslu.


Samtals voru 688 börn í daggæslu í heimahúsum í nóvember 2005 og hafði þeim fækkað um 47 börn frá árinu 2004. Langflest barnanna dvöldu í 8–9 klst. á dag hjá dagforeldrum og var þorri þeirra á aldrinum 6–24 mánaða eða um 94%. 162 dagforeldrar voru þá starfandi í Reykjavík. Undanþáguleyfi (ömmu- og au-pairleyfi) voru 22 á móti 19 á árinu 2004. Í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkurborgar voru 18 dagforeldrar með börn sem eiga lögheimili í Reykjavík og greiddi Reykjavíkurborg niður daggæslugjöld fyrir þau.

Á árinu var tvisvar haldið grunnnámskeið fyrir nýja dagforeldra, í apríl og nóvember, í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur. Slysavarnarnámskeið var haldið í tengslum við endurnýjun leyfa, en skilyrði fyrir endurnýjun daggæsluleyfis er að hafa lokið því.

Tafla 3.4. Aldursskipting barna hjá dagforeldrum 2005

Fæðingarár	Fjöldi barna
2000	5
2001	5
2002	1
2003	33
2004	562
2005	82
Samtals	688

Mynd 3.3. Barnafjöldi hjá dagforeldrum 1994–2005



Grunnskólar

Haustið 2005 voru 35 almennir grunnskólar starfandi í Reykjavík, sex einkareknir grunnskólar ef með er talin Alþjóðaskólinn í Reykjavík, sem rekinn er sem sjálfstæð deild innan Víkurskóla, og þrír sérskólar. Almennu skólunum fjölgaði um einn frá árinu áður þegar Norðlingaskóli tók til starfa.

Tafla 3.5. Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum 1. október 2005 og stofnár skóla.

	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.–10. bekkur	585	1930
Álftamýrarskóli	1.–10. bekkur	344	1964
Árbæjarskóli	1.–10. bekkur	798	1967
Ártúnsskóli	1.–7. bekkur	177	1987
Borgaskóli	1.–10. bekkur	370	1998
Breiðagerðisskóli	1.–7. bekkur	360	1955
Breiðholtsskóli	1.–10. bekkur	560	1969
Engjaskóli	1.–10. bekkur	342	1995
Fellaskóli	1.–10. bekkur	397	1975
Foldaskóli	1.–10. bekkur	521	1985
Fossvogsskóli	1.–7. bekkur	332	1971
Grandaskóli	1.–7. bekkur	338	1986
Hagaskóli	8.–10. bekkur	570	1958
Hamraskóli	1.–10. bekkur	324	1991
Háteigsskóli	1.–10. bekkur	381	1973
Hlíðaskóli	1.–10. bekkur	587	1955
Hólabrekkuskóli	1.–10. bekkur	549	1974
Húsaskóli	1.–10. bekkur	376	1991
Hvassaleitisskóli	1.–10. bekkur	255	1966
Ingunnarskóli	1.–8. bekkur	393	2001
Ingunnarskóli/Sæmundarsel	1.–4. bekkur	91	2004
Klébergsskóli	1.–10. bekkur	189	1929
Korpuskóli	1.–10. bekkur	222	1999
Langholtsskóli	1.–10. bekkur	604	1952
Laugalækjarskóli	7.–10. bekkur	280	1960
Laugarnesskóli	1.–6. bekkur	400	1935
Melaskóli	1.–7. bekkur	575	1936
Norðlingaskóli	1.–6. bekkur	24	2005
Réttarholtsskóli	8.–10. bekkur	364	1956
Rimaskóli	1.–10. bekkur	749	1993
Selásskóli	1.–7. bekkur	327	1986
Seljaskóli	1.–10. bekkur	701	1979
Vesturbæjarskóli	1.–7. bekkur	280	1958
Víkurskóli	1.–10. bekkur	254	2001
Vogaskóli	1.–10. bekkur	370	1959
Ölduselsskóli	1.–10. bekkur	579	1975
Samtals		14.568	

Nemendafjöldi

Nemendur í almennum grunnskólum í Reykjavík voru 14.568 þann 1. október 2005 og hafði fækkað um tæplega 300 frá sama tíma árinu áður. Að jafnaði voru 20,2 nemendur í hverri bekkjardeild, sem er örlítil fækkun frá fyrra ári.

Nemendur í sérskólum voru 145 og hafði fækkað um 7 frá fyrra ári. Fjöldi nemenda í einka-reknum grunnskólum var 362 og hafði fjölgað um 5 nemendur á milli ára.

Þriðja árið í röð fækkar nemendum í grunnskólum borgarinnar eftir stöðuga fjölgun frá árinu 1992. Spá fyrir einstök ár er í mynd 3.4 (5 ára nemendur ekki taldir með). Í henni er miðað við að 86% af fæðingarágöngum séu í skólunum í lægstu spánni, en 87–88% í hæstu spánni. Haustið 2005 voru 87% fæddra barna í Reykjavík 1990–1991 í grunnskólum borgarinnar.

Um miðjan janúar 2005 stunduðu 130 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur nám í grunnskólum borgarinnar. Af þessum hópi áttu 8 lögheimili erlendis.

Alls stunduðu 110 nemendur með lögheimili í Reykjavík nám í grunnskólum utan Reykjavíkur skólaárið 2005–2006.

Mynd 3.4. Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1991–2010



Tafla 3.6. Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla 1. október 1997–2005 ¹⁾

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Almennir grunnskólar	13.844	14.103	14.242	14.459	14.707	14.909	14.870	14.844	14.568
Sérskólar	177	160	165	175	176	159	150	152	145
Einkareknir grunnskólar	521	524	518	544	498	427	409	357	477
Samtals	14.542	14.787	14.925	15.178	15.381	15.495	15.429	15.353	15.190

¹⁾ Fimm ára nemendur í einkaskólum ekki taldir með

Tafla 3.7. Fjöldi nemenda í sérskólum á grunnskólastigi 1. október 2005

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Brúarskóli	4.–10. bekkur	33
Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda		
Safamýrarskóli	2.–10. bekkur	18
Fjölfatlaðir nemendur		
Öskjuhlíðarskóli	1.–10. bekkur	94
Greindarskertir nemendur		
Samtals		145

Tafla 3.8. Fjöldi nemenda í einkareknum grunnskólum 1. október 2005

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Alþjóðaskólinn	2.–6. bekkur	6
Landakotsskóli ¹⁾	1.–10. bekkur	143
Skóli Ísaks Jónssonar ²⁾	1.–3. bekkur	223
Suðurhlíðarskóli ³⁾	1.–10. bekkur	47
Tjarnarskóli	8.–10. bekkur	24
Waldorfskólinn Sólstaðir	1.–9. bekkur	34
Samtals		477

¹⁾ Að auki voru 9 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

²⁾ Að auki voru 103 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.


³⁾ Að auki voru 3 fimm ára nemendur í Suðurhlíðarskóla.



Grunnskólanemar af erlendum uppruna


Alls fengu 497 grunnskólanemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á árinu 2005. Þrjár móttökudeildir fyrir börn af erlendum uppruna voru starfandi við grunnskóla Reykjavíkur haustið 2005 og voru þær í Austurbæjar-, Breiðholts- og Háteigsskóla með alls 50 nemendur, einkum úr eldri árgöngum grunnskóla. Yngri nemendur voru þó allfjölmenntir í Austurbæjarskóla. Flestir nemendur sem fá íslenskukennslu eru frá Filipseyjum, Víetnam og Tælandi. Ráðgjöf vegna barna af erlendum uppruna í grunnskólunum fluttist við stjórnsýslubreytingar í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar þar sem tveir kennsluráðgjafar starfa að þessum málum. Um fimmtungur grunnskólanna hafa sett sér stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá.

Mynd 3.5. Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir hverfum haustið 2005 ¹⁾



¹⁾ Alls 497

Mynd 3.6. Algengasta þjóðerni grunnskólanemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli ¹⁾



¹⁾ Miðað er við sex nemendur eða fleiri af sama þjóðerni



Skólamötuneyti

Alls buðu 32 almennir grunnskólar af 35 öllum nemendum upp á heitan hádegisverð úr skólamötuneyti skólaárið 2005 – 2006. Einn skóli bauð ekki upp á hádegismat og tveir skólar buðu nemendum á efsta stigi ekki upp á hádegismat. Í um helmingi grunnskólanna var boðið upp á mat sem eldaður var á staðnum, en um þriðjungur var með mat að hluta til aðkeyptan og þrír skólar buðu eingöngu upp á aðkeyptan mat í hádegis. Meðalverð á hádegismáltíð grunnskólanna var um 250 kr. Á yngsta stigi, í 1.-4. bekk, nýttu 87% nemenda sér mötuneytið í skólunum og á miðstigi, í 5.- 7. bekk, nýttu rúmlega 73% sér mötuneytið. Nemendur á efsta stigi eða 8.- 10. bekkur nýttu sér minnst hádegismat úr mötuneyti eða rúmlega 43% þeirra. Almenn nýting nemenda af skólamötuneytum var um 66%.

Starfsmenn og starfsþróun

Haustið 2005 störfuðu um 4.300 starfsmenn á Menntasviði Reykjavíkurborgar þ.e. í leik- og grunnskólum, í skólahljómsveitum, Námsflokkum og á aðalskrifstofu Menntasviðs. Þar af voru rúmlega 2.300 í grunnskólum og tæplega 1.800 í leikskólum. Fjölmennustu starfshóparnir voru leik- og grunnskólakennarar, en þeir voru alls um 2.200 að meðöldum skólastjórnendum.

Starfsmenn leikskóla skiptust í um 500 leikskólakennara, um 150 leiðbeinendur með háskólamenntun (þar af um 110 með uppeldisfræðimenntun), rúmlega 1.000 aðra leiðbein-

endur, um 30 þroskajálfa og tæplega 20 matreiðslumenn. Í grunnskólunum störfuðu rúmlega 1.500 manns sem voru grunnskólakennarar, stjórnendur, námsráðgjafar, leikskólakennarar, þroskajálfar eða bókasafnsfræðingar og um 680 manns sem störfuðu sem skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar, umsjónarmenn, tölvuumsjónarmenn og við mötuneyti eða ræstingar.

Mannekla í leikskólum

Á haustdögum var töluverð mannekla í leikskólum borgarinnar. Síðari hluta september vantaði starfsmenn í yfir 100 stöðugildi og um miðjan október átti enn eftir að manna í 72 stöðugildi. Af þessum sökum urðu tafir á því að unnt væri að taka öll börn sem fengið höfðu boð um leikskólarými inn í leikskólana. Þótt töluverðar úrbætur yrðu í ráðningarmálum eftir því sem leið á haustið leystist ekki vandinn til fulls fyrir en upp úr áramótum eftir að nýir kjarasamningar höfðu verið gerðir.

Viðhorfskannanir

Könnun var gerð meðal leikskólastarfsmanna á sumarmánuðum sem sýndi m.a. að 91% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með starf sitt. Könnunin leiddi jafnframt í ljós að starfsfólk var almennt óánægt með laun sín miðað við sambærileg laun annars staðar á vinnumarkaði eða um 74% starfsmanna.

Vinnustaðagreining í grunnskólunum sem gerð var af

Gallup fyrir Menntasvið vorið 2005 sýndi að 79% starfsmanna töldu sig hafa góðar vinnuaðstæður, 82% töldu að góður vinnuandi ríkti á vinnustað og 79% töldu sig hafa fengið tækifæri til starfsþróunar. Gefin var út heildarskýrsla undir heitinu: *Vinnustaðagreining*, júní, 2005. Einnig voru gerðar sérskýrslur fyrir hvern skóla og niðurstöður kynntar í alls 30 grunnskólum.

Starfsmanna- og stjórnsýslusvið Reykjavíkurborgar lét gera viðhorfsskönnun meðal borgarstarfsmanna í nóvember. Fyrirhugað er að gera slíka könnun tvisvar á ári og nýta niðurstöður hennar í Samhæft árangursmat (BSC).

Námskeið

Á árinu 2005 voru haldin 42 námskeið á vegum starfsmannabjónustu Menntasviðs og sátu þau 927 starfsmenn leik- og grunnskóla. Fjölmennustu námskeiðin voru fyrir ófaghlætt starfsfólk skólanna. Leikskólar Reykjavíkur útskrifuðu í maí í samvinnu við Mími-símenntun 55 leiðbeinendur af fagnámskeiði II sem miðaði að því að efla þekkingu og færni þeirra í þroskasálfræði, uppeldisfræði, tónlist, framsögn og fleiru. Fjölmennst námskeið um skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms var haldið fyrir deildarstjóra grunnskólanna svo og námskeið um innleiðingu breytinga fyrir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þá tóku 20 grunnskólar þátt í Olweusar-áætluninni um aðgerðir gegn einelti.

Árlegur námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn í október á Hótel Selfossi. Áhersla var lögð á stjórnendapróun, leiðtögun, samskipti og breytingastjórnun.

Verkefni á vegum Menntasviðs og grunnskólanna í Reykjavík fengu styrki að andvirði 3.038.000 kr. úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla menntamálaráðuneytis. Það verkefni sem fékk hæsta styrkinn var námskeið í *Tölvutökum* sem miðar að því að efla færni kennara til tölvunotkunar og þar með stuðla að aukinni tölvufærni nemenda. Grunnskólarnir sjá sjálfir um símenntun kennara sinna.

Námsstyrkir

Markmið Námsstyrkjasjóðs leikskólanna er að hvetja starfsmenn leikskóla til að afla sér viðbótarþekkingar á sviði leikskólafræða erlendis. Námsstyrkir eru veittir til skipulagðra náms- og kynnisferða og þátttöku í ráðstefnum og námskeiðum. Allir starfsmenn sem hafa starfað hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. fimm ár og eru í starfi þegar úthlutun fer fram geta sótt um styrki í sjóðinn. Úthlutað var á árinu úr sjóðnum til 99 einstaklinga og alls sóttu 12 leikskólar um styrki til náms- og kynnisferða til sex landa.

Árið 2005 fengu 12 leikskólastjórar launað leyfi til að stunda framhaldsnám í 6-9 mánuði.

Á árinu fengu 13 grunnskólakennarar og skólastjórnendur úthlutað námsleyfi úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands. Einnig fengu 13 grunnskólakennarar og skólastjórnendur við grunnskóla í Reykjavík úthlutað námsleyfi í eitt ár úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga og var það um 31% úthlutana úr sjóðnum.



Tafla 3.9. Námskeið á vegum Menntasviðs Reykjavíkur 2005 ^{1) 2)}

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi hvers námskeiðs	Fjöldi sem lauk námskeiði
Líkamsvitund	Starfsfólk leikskóla	1	4	14
Slysavarnir og skyndihjálp	Starfsfólk leikskóla	1	8	14
Uppeldi leikskólabarna I	Starfsfólk leikskóla	1	12	19
Sjálfsfelling og samskipti	Starfsfólk leikskóla	1	12	6
Þróun og þroski leikskólabarna I	Starfsfólk leikskóla	1	12	9
Myndlist	Starfsfólk leikskóla	1	12	16
Leikræn tjáning	Starfsfólk leikskóla	1	12	15
Málþroski barna	Starfsfólk leikskóla	1	8	11
Uppeldi leikskólabarna II	Starfsfólk leikskóla	1	8	12
Þroski og þróun leikskólabarna-þroskafrávik	Starfsfólk leikskóla	1	12	15
Tónlist I	Starfsfólk leikskóla	1	12	16
Hreyfipjálfun barna	Starfsfólk leikskóla	1	4	13
Tölvur og börn	Starfsfólk leikskóla	1	8	15
Lífsmennt fyrir leikskólabörn	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	10	17
Skapandi starf fyrir fagfólk	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	8	31
Tilfinningaraskanir	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	4	32
Samskiptafærni: Samskipti við foreldra og börn	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	8	22
Íslenska, annað eða þriðja tungumál í leikskóla	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	4	26
Snemmtæk íhlutun	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	4	7
Athyglisbrestur með/án ofvirkni	Leikskólakennarar og reyndir starfsmenn	1	8	27
Nýliðafræðsla	Nýráðnir starfsmenn leikskóla	2	4	47
Tákn með tali	Allir sem nota tmt í starfi	1	6	24
Fagnámskeið I	Starfsfólk í Eflingu	1	50	51
Fagnámskeið II	Starfsfólk í Eflingu	1	70	55
Söguaðferðin	Leik- og grunnskólakennarar	1	7	23
Fagnámskeið I	Starfsfólk í mótuneytum leikskóla	2	60	31
Fagnámskeið II	Starfsfólk í mótuneytum leikskóla	1	60	17
Sjálfsfelling og samskipti	Starfsfólk leikskóla	1	8	6
Parfir nýliðans í kennslu	Nýjir grunnskólakennarar, deildarstjórar og leiðsagnakennarar	1	3	35
Stjórnun og samskipti við erlenda starfsmenn grunnskóla	Umsjónarmenn í grunnskólum	1	4	15
Vistvæn þríf	Umsjónarmenn í grunnskólum	1	8	26
Nemendur með skerðingar og frávik í þroska	Skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar og umsjónarmenn í grunnskólum	1	4	28
Hagnýtar aðferðir í vinnu með nemendum sem hafa skerðingu og frávik í þroska	Skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar og umsjónarmenn í grunnskólum	1	4	28
Stuðningur við hegðun - árangursríkar leiðir	Skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar og umsjónarmenn í grunnskólum	1	4	20
Hagnýt notkun word forritsins	Skólaritarar	1	4	12
Word fyrir byrjendur	Skólaritarar	1	4	14
Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms	Deildarstjórar í grunnskólum	1	60	53
Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda	Aðstoðarskólastjórar í grunnskólum	1	35	51
Íslenskukennsla fyrir erlenda starfsmenn	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	1	4	14
Að leiða breytingar	Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í grunnskólum	1	27	40
Samtals		42	596	927

¹⁾ Þrjár klst. eða lengra.

²⁾ Framlög borgarinnar til símenntunar grunnskólakennara fara til skólanna sjálfrá í fjárhagsgramma þeirra.

4. STARFSEMI LEIKSKÓLA



Gerðar eru miklar kröfur til leikskólans sem uppeldis- og menntastofnunar ekki síður en sem þjónustustofnunar. Umfangsmikil könnun sem gerð var í apríl 2005 meðal foreldra sýndi að þeir eru mjög ánægðir með þjónustu leikskólanna, eða 98% þeirra. Um 99% töldu að barninu þeirra liði vel í leikskólanum og jafn margir voru ánægðir með uppeldis- og menntastefnu skólans.

Bylting í leikskólastarfi

Leikskólar í Reykjavík eiga sér um 80 ára sögu. Fyrstu leikskólarnir í Reykjavík voru í eigu Barnavinafélagsins Sumargjafar og voru þeir reknir í um tvo til þrjá mánuði yfir sumartímann. Uppbygging leikskóla var mjög hröð í Reykjavík. Til marks um það rak Sumargjöf alls 30 barnaheimili, 14 leikskóla og 13 dagheimili auk þriggja skóladagheimila víðsvegar um borgina á 50 ára afmælisári félagsins árið 1974. Frá árinu 1943 keypti eða byggði Reykjavíkurborg húsnæði undir leikskóla en fól Sumargjöf reksturinn og var sá háttur hafður á allt fram til ársins 1978, en þá tók borgin við öllum rekstrinum. Dagvist barna hafði frá þeim tíma yfirstjórn dagvistarmála með höndum.

Frá því að fyrstu leikskólarnir voru stofnaðir hafa átt sér stað miklar breytingar á uppeldisumhverfi barna og er þróun leikskóla nátengd þeim breytingum. Í upphafi voru

leikskólar eingöngu ætlaðir forgangshópum, þ.e. börnum einstæðra foreldra, námsmanna og fátækra, en með síaukinni og almenntri atvinnuþátttöku beggja foreldra hafa leikskólar orðið mikilvæg viðbót við uppeldi og menntun sem börn öðlast hjá foreldrum sínum.

Árið 1991 urðu breytingar á starfsumhverfi leikskóla þegar fyrstu lögin um þá voru samþykkt. Leikskólinn varð þá fyrir öll börn, óháð félagslegri stöðu foreldra. Aukin eftirspurn varð eftir heilsdagsrýmum, sveigjanlegum dvalartíma og að börn hefðu kost á hádegismat í leikskólanum. Árið 1994 var farið í endurskipulag rekstrar Dagvistar barna til að svara stóraukinni eftirspurn eftir leikskólavistun. Árið 1999 fékk Dagvist barna nafnið Leikskólar Reykjavíkur og var aukin áhersla lögð á faglega ráðgjöf til leikskóla, ráðgjöf vegna barna með sérþarfir og þjónustu við foreldra. Gerð var könnun á þörf fyrir leikskóla meðal foreldra barna á leikskólaaldri í Reykjavík og unnin áætlun um uppbyggingu sem tók mið af þeirri þörf.

Stefnumörkun og framkvæmd

Framtíðarsýn leikskóla í Reykjavík byggir á einstaklingsmiðuðu námi þar sem unnið er með hverju barni samkvæmt einstaklingsáætlun, sem gerð er í samvinnu við foreldra, og endurspeglar þarfir og áhugasvið þess. Unnið er að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla félagsfærni í leikskólum án aðgreiningar.

Eins og undanfarin ár var starf leikskólanna í örri þróun á árinu, nýjar áherslur festust í sessi og sífellt var leitað leiða til að gera gott starf enn betra. Árið 2005 var lögð sérstök áhersla á að leikskólar ynnu að skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðuðu námi. Sérhver leikskóli skal skilgreina í námskrá hvaða leiðir eru farnar við að vinna að skóla án aðgreiningar og var lögð áhersla á að unnar væru einstaklingsáætlanir fyrir öll börn. Alls skiluðu 52 skólar námskrá þar sem tiltekið var hvernig unnið yrði að skóla án aðgreiningar. Þá var á árinu úthlutað fjármagni til leikskóla vegna 190 fatlaðra leikskólabarna og voru flest þeirra með þroskahömlun.

Unnið var að því að gera námsumhverfi barnanna þroskandi og veita þeim tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni. Í því skyni var frásagnamenning innan leikskólanna eflað með ýmsum leiðum, t.d. með námskeiðum fyrir starfsfólk. Einnig var unnið verkefni um börn og vísindi í samstarfi við K.H.Í. og starfshópur um aukna samþættingu leik- og grunnskóla skilaði tillögum.

Á árinu 2005 var lögð áhersla á að leikskólar ynnu afmarkaða námskrá fyrir 5 ára börnin auk námskrár leikskólans. Allir leikskólar sem skilað hafa námskrá hafa jafnframt unnið afmarkaða námskrá fyrir fimm ára börnin.

Mikilvægt er að leikskólarnir skilgreini sjálfir hvaða áherslur þeir vilja móta í starfinu og hvaða leiðir þeir vilja fara til að ná fram þeim markmiðum. Á þann hátt er tryggt að framþróun verði í starfinu og sérþekking og sérhæfing skapist í leikskólunum.

Kannanir og þróunarverkefni

- Gerð var skýrsla um mat á framkvæmd sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur vorið 2005.
- Viðhorfakönnun var gerð meðal foreldra leikskólabarna vorið 2005.
- Gerð var könnun á framkvæmd og verklagi sérkennslu í sex leikskólum borgarinnar.

Sjö leikskólar í Reykjavík eru í evrópsku skólasamstarfi, Comenius, sem nær til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verkefnið fela í sér þróun eða rannsóknir á einstaka þáttum í leikskólastarfi þar sem bornar eru saman og skoðaðar aðferðir í leikskólauppeldi ýmissa landa. Slík samvinna eykur víðsýni og þekkingu og stuðlar að nýjungum í starfi leikskólanna. Leikskólarnir eru Brekkuborg, Hamraborg, Klambrar, Mýri, Jöklaborg, Laugaborg og Drafnarborg

en tveir síðastnefndu hófu Comeniusarsamstarf á árinu.

Á árinu var jafnframt hrint úr vör nýbreytniverkefni til að efla enn frekar stuðning við börn og foreldra af erlendum uppruna og jafnréttisnefnd Leikskóla Reykjavíkur gerði leiðarvísi og gátlista um jafnréttisuppeldi. Þá vann starfs- hópur tillögur að samræmdum matsaðferðum við upphaf grunnskólagöngu og vinnureglur um samstarf leik- og grunnskóla undir heitinu: *Samstarf leik- og grunnskóla. Um mat og upplýsingamiðlun milli skólastíganna*. Heildarskýrsla starfshópsins kom út í október 2005.

Samráð við leikskólastjóra

Samráð leikskólastjóra fundaði mánaðarlega og ræddi faglegar áherslur, starfsmannamál, þróunarverkefni, sámenntunarmál og fleira. Frá og með maímánuði leiddi skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu samráðsfundina, en alls voru ellefu fundir haldnir á árinu. Yfirmaður og starfsmenn leikskólaskrifstofu funduðu jafnframt með leikskólastjórum mánaðarlega.

Leikskólastjórafundir á árinu 2005

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Gerðuberg	Kynning á stjórnkerfisbreytingum og ferð leikskólastjóra til Möltu.
Febrúar	Norræna húsið	Sviðsstjóri kynnti stjórnkerfisbreytingar. Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara.
Mars	Gerðuberg	Starfsmannamál.
Apríl	Norræna húsið	Sviðsstjóri kynnti stöðuna í breytingarferlinu. Kynning á kjarasamningum þroskaþjálfafélagsins.
Maí	Gerðuberg	Starfsmannamál og foreldrakönnun.
Júní	Norræna húsið	Kynning á stjórnkerfisbreytingum.
Ágúst	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Nýtt Menntasvið kynnt.
September	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Starfsáætlun rædd og kynning á námsvísi fyrir starfsmenn leikskóla.
Oktober	Hús Orkuveitunnar	Staða sérkennslumála og niðurstaða starfsmannakönnunar 2005 kynnt.
Nóvember	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Drög að starfsáætlun til umræðu.
Desember	Borgarleikhús – sameiginlegur fundur skólastjórnenda í leik- og grunnskólum.	Dagskrá á Nýja sviðinu. Móttaka í boði Menntasviðs.

Tafla 4.1. Nokkrar lykiltölur um nán tengsl leikskóla og grenndarsamfélags 2005

Hlutfall leikskóla:	2005
sem eru með stefnu eða skráðar reglur um foreldrasamstarf	- - - - 90%
sem eru í skipulegu samstarfi við grunnskóla	- - - - 85%
sem birta upplýsingar til foreldra á heimasíðu	- - - - 43%

5. STARFSEMI GRUNNSKÓLA



Mörg mikilvæg skref voru á árinu stigin í átt að framtíðarsýn um grunnskóla sem lýst hefur verið í starfsáætlunum undanfarin ár, s.s. að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar. Samræming í þjónustu við nemendur og skóla í ljósi stjórnerfiskerfubreytinga og þar með flutnings sálfræðipjónustu og kennsluráðgjafar til þjónustumiðstöðvanna voru jafnframt krefjandi verkefni, svo og undirbúningur að byggingu nýrra skóla í ört vaxandi borg.

Stefnumörkun og framkvæmd

Grunnskólar Reykjavíkur héldu áfram þróun sinni í átt til einstaklingsmiðaðs náms á árinu 2005. Um haustið kom út matstæki um einstaklingsmiðað nám sem ætlað er að auðvelda grunnskólum að meta hversu langt þeir eru komnir í að skipuleggja sveigjanlega kennsluhætti. Því er einnig ætlað að hvetja og örva umræðu meðal starfsmanna skólans. Matstækið var í þróun frá hausti 2004 í samstarfi skólastjóra og starfsmanna á Fræðslumiðstöð Reykja-

víkur. Á haustdögum hafði tækið þegar verið til umræðu í 25 skólum (71%) og sjö skólar til viðbótar voru að undirbúa slíka umræðu. Til að styrkja starfsmenn skólanna í einstaklingsmiðaðri kennslu voru einnar annar námskeið í boði fyrir kennara í tæplega helmingi skólanna, eða í 16 skólum.

Mikilvægur þáttur í skipulagi einstaklingsmiðaðs náms er gerð einstaklingsáætlana. Haustið 2005 sögðu skólastjórar 29 skóla (83%) að gerðar væru einstaklingsáætlanir í einhverjum greinum eða árgöngum. Tveir skólar til viðbótar voru með gerð einstaklingsáætlana í vinnslu en þrír skólastjórar sögðu að ekkert slíkt væri að gerast í sínum skóla. Flestir þeirra skóla sem gerðu einstaklingsáætlanir, eða um 80%, sögðu þær vera fyrir lítinn hluta nemenda eða innan við þriðjung. Þrír skólar sögðust gera slíkar einstaklingsáætlanir fyrir um 64% – 100% nemenda.

Skóli án aðgreiningar

Stefna Reykjavíkurborgar um sérkennslu frá árinu 2001 hefur skóla án aðgreiningar sem leiðarljós. Það felur í sér að skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, fötl-uðum sem ófötl-uðum og að allir eigi kost á að sækja sinn hverfis-skóla. Grundvallarhugmyndafræðin er að öll börn eigi að læra saman, hvað sem líður mun á þeim og hugsanlegum örðugleikum. Nám án aðgreiningar er talin virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir og skólafélaga þeirra. Stefnan gerir þó ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og hafa foreldrar val um almennan skóla, sérskóla og sérhæfða sérdeild. Haustið 2004 hófst undirbúningur að rannsókn á því hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar. Spurningalistar voru lagðir fyrir skólastjórnendur í apríl 2005 og niðurstöður lágu fyrir í nóvember. Könnunin byggir á svörum skólastjórnenda allra almennu grunnskólanna 34.

Helstu niðurstöður:

- Allir grunnskólar nema einn höfðu gert áætlun um framkvæmd sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan var komin til framkvæmda að einhverju leyti hjá þeim öllum og að mestu eða öllu leyti hjá um 73% skólanna.
- Alls höfðu um 3.100 nemendur grunnskólanna (21%) fengið einhvers konar sérkennslu frá áramótum að páskum 2005.
- Af þeim höfðu um 2.400 nemendur (rúmlega 77% sérkennslunema) fengið sérkennslu utan bekkjar.
- Einstaklingsnámskrár sérkennslunemenda voru unnar í samráði við foreldra hjá rúmlega 82% grunnskólanna.
- Alls var um 550 nemendum, eða um 18% þeirra sem fengu sérkennslu, kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá.
- Sérkennsluveri hafði verið komið á fót í öllum grunn-

skólunum nema einum og sama hlutfall skóla var með stjórnanda eða deildarstjóra í sérkennslu.

- Þroskajálfar voru starfandi í rúmlega helmingi grunnskólanna.

Um það bil 10% nemenda sem innrituðust í 1. bekk haustið 2005 höfðu þegar fengið greiningu um sérkennsluþörf frá greiningarstofnunum eða sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur. Úthlutun fjármagns til skólanna vegna nemenda með fatlanir og mikla sérkennsluþörf er miðlæg frá Menntasviði og sér þriggja manna úthlutunarteymi með fulltrúum frá Menntasviði og tveimur fulltrúum þjónustumiðstöðvanna um úthlutun á grundvelli greininga frá greiningarstofnunum á vegum ríkisins. Árið 2005 fengu grunnskólarnir, samkvæmt sérstökum reglum, úthlutað fjármagni í sérstuðning vegna 563 nemenda með miklar sérþarfir í námi. Nær helmingur þeirra voru ofvirk börn með athyglisbrest og skyldar raskanir.

Þrír sérskólar eru starfandi í borginni; Safamýrarskóli fyrir fjölfatlaða nemendur, Öskjuhlíðaskóli fyrir þroskahamlaða nemendur og Brúarskóli fyrir nemendur í miklum geðrænum og félagslegum vanda. Nemendur sækja sérskóla ýmist tímabundið eða til lengri tíma. (sjá töflu 3.6 bls. 29) Haustið 2005 störfuðu 6 sérhæfðar sérdeildir í borginni, þ.e. þrjár fyrir einhverfa nemendur í Fella-, Hamra- og Langholtsskóla, táknaálssvið í Hlíðaskóla, deild fyrir nemendur með félagslegan og hegðunarvanda í Bjarkarhlíð við Réttarholtsskóla og fardeild fyrir börn í atferlisvanda í Grafarvogi. Alls sóttu rúmlega 60 nemendur þessar deildir. Nemendum sem liggja þurfa um tíma á sjúkrahúsi er gert

kleift að halda áfram námi sínu þrátt fyrir fjarveru úr skóla. Stjórn og fagleg umsjón með sjúkrahússkennslu á Landsspítala-háskólasjúkrahúsi er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur koma af öllu landinu. Þessarar þjónustu nutu tæplega 200 nemendur á árinu og var meðalfjöldi kennsludaga um 6 á hvern nemanda. Brúarskóli sá um kennslu nemenda sem voru innlagðir á Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans og þeirra nemenda sem voru í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu (Sjá töflu 5.1).

Sterk sjálfsmynd nemenda, góð líðan og félagsfærni

Könnun á líðan nemenda í 5. – 7. bekk var lögð fyrir 4.000 nemendur í almennum og einkareknum grunnskólum vorið 2005. Helstu niðurstöður voru þær að miklum meirihluta grunnskólanema líður frekar vel eða mjög vel í kennslustundum og frímínútum eða 78%. Um 15% leið hvorki vel né illa og 7% nemenda frekar eða mjög illa. Strákum leið að jafnaði heldur betur en stelpum og hlutfall nemenda sem leið vel hækkaði eftir því sem þeir voru eldri.

Hafist var handa við að útbúa viðmið eða gátlista fyrir kennara í leik- og grunnskólum sem gerir þeim fært að meta félagsfærni barna og sjálfsmynd. Slík viðmið nýtast sem grunnur í áætlunargerð, kennslu og þjálfun. Umsjón með verkefnum eins og PBS, Zippy, Hringurinn, Vinátta o.fl. fluttist til þjónustu- og rekstrarsviðs í samræmi við þjónustusamning sem undirritaður var í júní. Þjónustu- og rekstrarsvið fylgir jafnframt eftir nýrri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á haustdögum.

Tafla 5.1. Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997–2005

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nemenda	252	286	215	224	187	157	186	208	191
Heildarfjöldi kennsludaga	1,542	1,395	1,805	1,177	824	824	1216	1,231	1,157
Fjöldi kennsludaga á nemanda	6.1	4.9	8.4	5.3	5.2	5.2	6.5	5.9	6.1

Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Með grenndarsamfélagi skóla er annars vegar átt við landfræðilegt umhverfi skóla, þ.e. náttúru og manngert umhverfi og hins vegar félagslegt umhverfi, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópa. Grenndarsamfélag getur verið skólahverfið, borgarlutinn eða öll Reykjavík. Í kjölfar breytinga á stjórnskipulagi borgarinnar var umsjón með samstarfsverkefnum milli skóla og ýmissa aðila í grenndarsamfélaginu flutt til þjónustumiðstöðva borgarinnar samkvæmt samningi. Hér er t.d. um að ræða, vettvangsnám, skógræktarverkefni, dagblöð í skólum og samstarf við Listahátíð.

Tafla 5.2. Nokkrar lykiltölur um náin tengsl grunnskóla og grenndarsamfélags 2001–2005

Hlutfall skóla:	2001	2002	2003	2004	2005
sem halda námskeið fyrir foreldra nemenda á unglingastigi	-	40%	40%	53%	59%
eru í skipulegu samstarfi við leikskóla	72%	80%	82%	90%	91%
með stefnu eða skráðar reglur um foreldrasamstarf í skólanámskrá	52%	71%	67%	65%	66%

Komið er til móts við bráðgera og fagsterka grunnskólanemendur á unglingastigi með því að gefa þeim kost á að ljúka framhaldsskólaáföngum sem vali. Stöðugt fleiri nemendur velja þennan kost og eru flestir áfangar í tungumálum og stærðfræði (sjá töflu 5.3).

Sjálfstæðir skólar, styrk stjórnun og jafnræði í umgjörð

Skólastjórar grunnskóla hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði til að skipuleggja skólastarfið innan ramma laga, reglugerða og stefnu Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á jafnræði í umgjörð með því að úthluta fjármagni í samræmi við reiknilíkan sem m.a. tekur mið af nemendafjölda. Í áætlanagerð Framkvæmdasviðs vegna nýbygginga og búnaðar-kaupa er notast við samræmd viðmið og úttekt á húsnæði og skólalóðum sem unnin var á árunum 2003 og 2004 (sjá yfirlit yfir húsnæði grunnskóla í töflu 5.4).



Tafla 5.3. Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla vorið 2005

Grunnskóli	Framhaldsskóli	Áfangar vorið 2005	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	MH og FÁ	Stæ103, ísl103, ens303, þýs203	33
Álftamýrarskóli	BHS	Málmsmíði	3
Borgaskóli	BHS	Málmsmíði, ens103/303, stæ, fra.	22
Breiðholtsskóli	FB	Stæ102, ens102, jarð103, líffr103	18
Engjaskóli	BHS	Málmsmíði	8
Fellaskóli	FB	Stæ103	5
Foldaskóli	BHS	Ens103, fél.- og uppeldisfr, stæ103, málmsmíði	26
Hagaskóli	MH	Ísl103, stæ103	30
Hamraskóli	FB og FTÍ	Ens103, stæ102, 103, spæ103	19
Hlíðaskóli	FB	Stæ101	1
Hólabrekkuskóli	FB	Stæ102, 303, spæ103	15
Húsaskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði	29
Korpuskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði	4
Langholtsskóli	FB og MH	Ens., spæ103	3
Laugalækjarskóli	MS	Nátt	77
Rimaskóli	BHS	Ens103, spæ103, málmtækni	44
Seljaskóli	FB	Ens102	18
Víkurskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði107, fél.-og uppeldisfr.	12
Vogaskóli	BHS og FÁ	Þýs403, töl121,131,141,251, dan103, nátt103, stæ103,203,303, ens103, málmsmíði	26
Ölduselsskóli	VMA	Sæn103, 203, ens203, sál103, dan202, fran202, landafr103	7
Samtals:			400

Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla haustið 2005

Grunnskóli	Framhaldsskóli	Áfangar haustið2005	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	MH og FÁ	Stæ103, ísl103, þýs	31
Álftamýrarskóli	FÁ og FTS	Þýs103, Nátt123, félagfr., véla- og siglingafr.	15
Árbæjarskóli	BHS, FÁ og FB	Málmsmíði, ens103, stæ103, spæ.	88
Borgaskóli	BHS	Ens103, stæ103, dan103	15
Breiðholtsskóli	FB	Ens102, stæ102	13
Engjaskóli	BHS	Ens103, stæ103, fél.- og uppeldis, málmsmíði	21
Fellaskóli	VÍ	Ens103, stæ103	7
Foldaskóli	BHS, VMA-fjarnám, MH, FTÍ	Ens103, fél.- og uppeldisfr., frans103, málmsmíði, dan103, stæ103, sæn103, véla- og siglingafr., nor.	33
Hagaskóli	MH	Ísl103, stæ103	24
Hamraskóli	FÁ og BHS	Ens103, dan103, stæ102, 103, málmsmíði	23
Hátegisskóli	FÁ	Ísl, stæ, dan	4
Hlíðaskóli	FÁ	Ens, dan	5
Hólabrekkuskóli	FB	Stæ102	12
Húsaskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði	25
Hvassaleitisskóli	FÁ, VÍ	Stæ102,103, þýs103,203,303,403, spæ103, sæn103	12
Korpuskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði, fél.- og uppeldisfr.	13
Langholtsskóli	FÁ	Ens	7
Laugalækjarskóli	MS	Nátt	62
Réttarholtsskóli	VÍ	Dan103, þýs103	9
Rimaskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmtækni	47
Seljaskóli	FB	Ens102, stæ102	25
Víkurskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði107	18
Vogaskóli	FÁ	Dan103, ens103, 303, nátt103, stæ102, 202, 122, töl121, 141	21
Ölduselsskóli	VMA	Dan102, þýs103, sæn103, tölvufr.202. íþróttir103	10
Samtals:			540

Tafla 5.4. Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur 2005

	Fjöldi bekkjardeilda 2005	Áætlaður fjöldi bekkjardeilda 2006	Fjöldi almennra kennslustofa	Fjöldi sérgreinastofa	Stofur alls	Skóladagvist og sérkennsluherbergi	Par af fjöldi færanlegra stofa	Stærð varanlegs húsnæðis í fermetrum 2005	Fjöldi m2 á nemandanum haust 2005	Áætluð þörf fyrir færanl. stofur haust 2006	Áætlaður fjöldi færanl. stofa sem losnar haustið 2006
Austurbæjarskóli	27	26	28	7	35	13	6	5.621	10		
Álftamýrarskóli	20	20	17	10	27	8	0	5.330	15 ¹⁾		
Árbæjarskóli	37	34	34	10	44	7	3	8.625	11		
Ártúnsskóli	9	10	11	7	18	5	0	2.901	16		
Borgaskóli	21	21	22	9	31	6	7	4.344	13		
Breiðagerðisskóli	18	21	16	12	28	13	0	5.026	14 ²⁾		
Breiðholtsskóli	28	29	31	10	41	7	10	6.819	13		
Engjaskóli	19	19	22	9	31	6	3	4.976	15		3
Fellaskóli	22	22	26	12	38	10	0	8.522	21		
Foldaskóli	25	24	32	11	43	5	0	7.482	14		
Fossvogsskóli	16	18	16	8	24	3	0	3.906	12		
Grandaskóli	16	18	20	5	25	6	1	4.157	12		
Hagaskóli	23	15	25	11	36	2	0	6.183	11		
Hamraskóli	16	16	20	9	29	7	1	4.422	14		
Háteigsskóli	19	20	20	10	30	3	0	4.177	11		
Hlíðaskóli	28	28	27	8	35	8	0	7.945	14		
Hólabrekkuskóli	30	31	30	11	41	9	0	6.697	12		
Húsaskóli	19	19	23	7	30	4	3	4.172	12		2
Hvassaleitisskóli	14	13	18	7	25	4	0	4.254	17		
Ingunnarskóli	18	20	37	8	45	4	0	5.844	18	3	
Ingunnarskóli - Sæmundarsel	6	8	3	0	3	0	11	0	0 ³⁾	3	
Klébergsskóli	10	11	8	7	15	3	0	2.575	14		
Korpuskóli	12	13	20	9	29	10	3	2.664	13		
Langholtsskóli	28	28	26	10	36	7	3	6.858	12		
Laugalækjarskóli	14	11	12	13	25	2	0	4.881	17		
Laugarnesskóli	20	23	23	8	31	8	5	5.265	13		5
Melaskóli	26	30	30	11	41	9	2	5.383	10		
Norðlingaskóli	6				0		8		0 ⁴⁾	3	
Réttarholtsskóli	14	9	13	8	21	12	0	5.075	14 ⁵⁾		
Rimaskóli	36	35	32	9	41	12	11	7.583	11		
Selásskóli	16	18	18	10	28	3	1	4.516	14		
Seljaskóli	31	32	35	11	46	7	6	7.149	11		
Vesturbæjarskóli	14	16	14	7	21	6	0	3.649	13		
Víkurskóli	14	15	17	10	27	3	0	4.229	17		
Vogaskóli	19	19	17	7	24	7	9	2.720	9		
Ölduselsskóli	29	29	28	8	36	12	7	5.770	11		
Samtals:	720	721	771	309	1.080	231	100⁶⁾	179.720⁷⁾	12	9	10

1) Leiguhúsnæði fyrir skóladagvist er talið með Álftamýrarskóla.

2) Mosgerði 14A er talið með Breiðagerðisskóla.

3) Selið er í færanlegu kennslurými.

4) Norðlingaskóli er í færanlegu kennslurými.

5) Bjarkarhlíð er talin með Réttarholtsskóla

6) Færanleg kennslurými grunnskóla eru 7.450 m2.

7) Hér telst til allt rými nema lagnagangar.

Samstarf heimila og skóla


Til ráðgjafa um samstarf foreldra og grunnskóla bárust alls 142 mál á árinu 2005 og var unnið úr þeim í samstarfi við þá skóla sem í hlut áttu. Flest mál sneru að samskiptum á unglingastigi 8. – 10. bekkjar eða 65, í 44 tilvikum var unnið úr málum vegna barna á miðstigi og 33 mál bárust vegna barna í 1. – 4. bekk.

Áhersla var á að efla starf foreldraráða og var settur af stað starfshópur Menntasviðs, SAMFOKs og þjónustumiðstöðvar Breiðholts um það starf. Samráðsfundir um starfsáætlun voru haldnir með foreldraráðum í öllum hverfum borgarinnar og formaður menntaráðs átti reglulega samráðsfundi með stjórn SAMFOKs.

Kannanir og rannsóknir

- Gerð var könnun á tölvunotkun meðal kennara og nemenda í grunnskólum Reykjavíkur í febrúar - apríl 2005. IMG Gallup sá um framkvæmd og gaf út heildarskýrslu undir heitinu: *Tölvunotkun í grunnskólum*.
- Gerð var könnun á líðan nemenda í 5. – 7. bekk grunnskóla Reykjavíkur vorið 2005. Könnunin var gerð af Rannsóknum og greiningu ehf. en gagnadeild Menntasviðs sá um úrvinnslu. Heildarskýrsla kom út á árinu 2006.
- Gerð var könnun meðal skólastjórnaenda í almennum grunnskólum Reykjavíkur undir heitinu: *Sérkennslukönnun í almennum grunnskólum vorið 2005*. Heildarskýrsla kemur út á árinu 2006.
- Ýmsar vefkannanir voru gerðar:
 - Foreldrakönnun á viðhorfi til mótuneytis í Álftamýrarskóla, mars 2005.
 - Mat á námskeiði fyrir deildarstjóra í grunnskólum Reykjavíkur: Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms, júní, 2005.
 - Sérstök verkefni sem stuðla að félags- og tilfinningaþroska, september, 2005.
 - Könnun meðal skólastjóra um námskeið fyrir foreldra í skólum haustið 2005.
- Stærðfræðiskimunin *Talnalykill* var lögð fyrir nemendur í 16 grunnskólum í Reykjavík í febrúar 2005. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast við með einstaklingsáætlun og/eða sérkennslu. Hún var lögð fyrir 626 nemendur eða 85% af nemendum í 3. bekk í þeim skólum sem tóku þátt. Samkvæmt niðurstöðum töldust 3,2% nemenda þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði þannig að tæplega 97% nemenda teljast ólíklegir til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Þar með náðist markmið í skorkorti fræðslumála fyrir árið 2005 um að a.m.k. 95% nemenda náðu þessu marki. Ef hins vegar er borinn saman árangur í febrúar 2005 og árangur í nóvember 2003 er árangur lakari árið 2005 á öllum þáttum prófsins.
- Lesskimunin *Læsi* var lögð fyrir 1.282 nemendur í 32 skólum í 2. bekk í apríl 2005. Markmið lesskimunarinnar var að kanna hve stór hluti nemenda gæti lokið 65% prófsins sem er það viðmið sem sett var í samráði við höfunda prófsins. Meginniðurstaða var sú að 766 nemandi eða tæplega 60% nemenda náðu settri viðmiðun, en árin 2002 – 2004 náðu 63 - 67% nemenda þessum árangri. Meðalárangur nemenda vorið 2005 var tæplega 68% en á tímabilinu 2002 – 2004 var meðalárangur nemenda á bilinu 70 – 72%. Árangur nemenda í lesskimuninni vorið 2005 var því marktækt lakari en árin á undan og má ætla að áhrif um sjö vikna kennaraverkfalls á haustdögum hafi haft áhrif á árangur nemenda í lestri og stærðfræði þetta árið (sjá mynd 5.1).

Mynd 5.1. Hlutfall nemenda við lok 2. bekkjar sem gat lesið sér til gagns 2002–2005



Samráð við skólastjóra grunnskóla

Náið samstarf er milli aðalskrifstofu Menntasviðs og skólastjóra grunnskóla. Fyrri hluta ársins stýrði sviðsstjóri þessu samstarfi, en haustið 2005 tók skrifstofustjóri grunnskóla-skrifstofu við yfirumsjón með samstarfinu sem næsti yfirmaður skólastjóra. Alls voru haldnir níu mánaðarlegir samstarfsfundir á árinu, auk þess sem sviðsstjóri sótti í febrúar fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum.

Samráð skólastjóra og aðalskrifstofu Menntasviðs, en í því sitja oddvitar skólastjóra í borgarhlutum og fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur, fundaði ellefu sinnum á árinu. Ráðið er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta um stefnumótun og framkvæmd í þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Þar er einnig fjallað um efni skólastjórafunda, endurmenntunartilboð skólastjóra, samræmdar tímasetningar í skólastarfinu, s.s. skólabyrjun og vetrarfrí.

Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla, var formaður Skólastjórafélagsins í upphafi árs en Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla, tók við af honum á árinu. Fulltrúar félagsins tóku þátt í mörgum starfshópum á vegum menntaráðs á árinu, s.s. í úthlutunarnefnd styrkja úr Þróunarsjóði menntaráðs, undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna *Skóli á nýrri öld*, um vinnutíma þroskaþjálfara í grunnskólum, um endurskoðun á reglum um úthlutun fjármagns vegna kennslu barna af erlendum uppruna, um ferli einstaklingsmála, um samstarf við ÍTR um frístundaheimili og tómstundastarf og starfshóp um viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Skólastjórafundir 2005

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Háteigsskóli	Skipulag vordaga. Stjórnkerfisbreytingar hjá Reykjavíkuborg.
Apríl	Þjóðminjasafn Íslands	Kynning á starfsemi Þjóðminjasafns. Leyfisveitingar. Samruni Fræðslumiðstöðvar og Leikskóla Reykjavíkur.
Mai	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	Horft um öxl – stiklað á viðburð um í níu ára sögu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.
Ágúst	Grandaskóli	Upphaf vetrar, kynning á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs.
Ágúst	Engjaskóli	Umræða um starfsáætlun 2006.
Sept.	Árbæjarskóli	Kynning á niðurstöðum vinnustaða-greiningar.
Okt.	Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit	Kynnisferð.
Okt.	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Drög að starfsáætlun til umræðu.
Nóv.	Korpuskóli	Náms- og kynnisferðir skóla kynntar.
Des.	Borgarleikhús	Sameiginlegur fundur skólastjórna leik- og grunnskóla. Dagskrá á Nýja sviðinu. Móttaka í boði Menntasviðs.

6. TÓNLISTARNÁM OG FÉLAGSLEG MENNTASTEFNA

Reykjavíkurborg rak á árinu fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla. Borgin veitti auk þess reglubundin fjárframlög til 20 tónlistarskóla sem reknir eru af einkaaðilum og styrkti einn myndlistarskóla. Borgin rekur einnig Námsflokka Reykjavíkur sem sinna full-orðinsfræðslu.

Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar. Það er einnig markmið sveitanna að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og að efla félagsleg samskipti.

Starfsemin skiptist í kennslu í einka- eða hóptímum, samæfingar einu sinni til tvisvar í viku og kennslu í tónfræði. Allar sveitirnar eru deildarskiptar eftir getu og aldri nemenda. Talsvert er um að nemendur geti sótt hljóðfæratíma á skólatíma með því að fara úr tímum í grunnskólanum yfir skóladaginn, með samþykki foreldra og skólastjórna.

Heildarnemendafjöldi í skólahljómsveitum var 413 haustið 2005 (sjá töflu 6.1). Starfsmenn sveitanna voru 32 í rúmlega 19 stöðugildum, þar af fjórir stjórnendur. Á árinu var ráðinn nýr stjórnandi að Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.

Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar í Reykjavík fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust þeirra borgarhluta, meðal annars á vor- og hausthátíðum grunnskólanna, vortónleikum skólahljómsveitanna, jólasemmtunum grunnskólanna og jólatónleikum skóla-

Tafla 6.1. Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2005

Skólahljómsveit Vesturbæjar		Skólahljómsveit Austurbæjar	
Skóli	Fjöldi	Skóli	Fjöldi
Austurbæjarskóli	22	Álftamýrarskóli	2
Breiðagerðisskóli	1	Ártúnsskóli	1
Grandaskóli	8	Breiðagerðisskóli	31
Hagaskóli	14	Fossvogsskóli	6
Háteigsskóli	10	Háteigsskóli	9
Hlíðaskóli	1	Hvassaleitisskóli	5
Ingunnarskóli	1	Landakotsskóli	1
Landakotsskóli	1	Langholtsskóli	14
Melaskóli	37	Laugalækjarskóli	6
Vesturbæjarskóli	21	Laugarnesskóli	21
Annað	2	Réttarholtsskóli	2
Samtals	118	Vogaskóli	7
		Samtals	105
Skólahljómsveit Grafarvogs		Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	
Skóli	Fjöldi	Skóli	Fjöldi
Borgaskóli	2	Árbæjarskóli	8
Engjaskóli	4	Ártúnsskóli	3
Foldaskóli	30	Breiðholtsskóli	21
Hamraskóli	8	Fellaskóli	9
Húsaskóli	17	Fossvogsskóli	2
Ingunnarskóli	4	Hólabrekkuskóli	10
Korpuskóli	9	Ingunnarskóli	1
Rimaskóli	24	Selásskóli	4
Víkurskóli	6	Seljaskóli	9
Ölduselsskóli	1	Ölduselsskóli	11
Annað	2	Annað	5
Samtals	107	Samtals	83
Heildarnemendafjöldi í skólahljómsveitum: 413			

hljómsveitanna. Þá tóku þrjár hljómsveitir þátt í Landsmóti skólahljómsveita á Akranesi í október.

Á árinu var að venju gefinn út kynningarbæklingur um sveitirnar. Honum var í maí dreift til allra nemenda í 2., 3., og 4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Þá voru hljóðfærakynningar í nokkrum grunnskólum.


Haustið 2005 var tekin upp ný gjaldskrá í skólahljómsveitum. Árgjald var 15.000 kr. í grunnnámi og 30.000 kr. í miðnámi. Gjald fyrir hljóðfæraleigu var 5.200 kr.

Tónlistarskólar

Í maí voru samþykktar í borgarráði reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Reykjavíkurborg rak á árinu einn tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi á Kjalarnesi. Alls hlutu 20 tónlistarskólar sem reknir eru af einkaaðilum föst rekstrarframlög frá borginni á árinu.

Menntasvið gerði þjónustusamninga við 17 tónlistarskóla til þriggja ára og þrjá tónlistarskóla til eins árs. Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla voru rúmlega 624 millj. kr. á árinu (sjá mynd 5.1). Haustið 2005 voru nemendur skólanna alls 3.743 að tölu á öllum aldri og nutu þar af um 2.588 nemendur styrkja frá Reykjavíkurborg. Nemendafjöldi einstakra skóla var frá 54 nemendum og upp í 561 nemendur í þeim stærsta. Tónlistarskólarnir sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Langflestir nemendur tónlistarskólanna, eða tæplega 2.971, stunda grunn- og miðnám.

Mynd 5.1. Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla



Fullorðinsfræðsla

Með rekstri Námsflokka Reykjavíkur stuðla borgaryfirvöld að því að þeir borgarbúar sem hafa litla formlega menntun geti hafið nám að nýju. Fullorðinsfræðsla í anda félagslegrar menntastefnu á sér orðið langa hefð í borginni, en Námsflokkarnir hafa starfað óslitið síðan 1939.

Í byrjun árs 2005 skilaði starfshópur um endurskoðun á starfsemi Námsflokka Reykjavíkur niðurstöðum. Lagt var til að dregið yrði úr beinum umsvifum Námsflokka við námskeiðahald en í staðinn yrði eftir samstarf við aðra sem sinna fræðslu fullorðinna. Hlutverk Námsflokka skal þó eftir sem áður vera að framfylgja félagslegri menntastefnu Reykjavíkurborgar með því að styðja þá sem af einhverjum ástæðum hafa flosnað upp úr námi og veita þeim ný tækifæri til náms, hvort heldur er utan eða innan hins almenna skólakerfis.

Á fyrri hluta ársins var hafinn undirbúningur að nokkrum breytingum á ákveðnum sviðum starfseminnar. Sérkennari í lestri og skrift hefur haldið áfram starfi sínu við að greina les- og skriftarörðugleika og veita aðstoð og kennslu eftir þörfum. Einnig er kennsla fyrir fullorðna í námsefni efstu bekkja grunnskóla óbreytt. Þá er enn starfrækt brú á framhaldsskólastigi fyrir starfandi félagsliða og munu námskeið fyrir félagsliða verða í boði þar til allir þeir sem hófu það nám hafa lokið því. Að öðru leyti bjóða Námsflokkarnir ekki lengur áfanga á framhaldsskólastigi heldur leitast fremur við að veita fullorðnu fólki aðstoð við að hefja nám eða fjarnám í framhaldsskólum.

Í lok árs 2005 voru ráðnir tveir náms- og starfsráðgjafar til Námsflokka. Starfsemi þeirra er til húsa í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og eru þeir í náinni samvinnu við starfsfólk þeirra. Náms- og starfsráðgjafarnir munu bæði veita Reykvíkum persónulega ráðgjöf og meta þörf fyrir menntunarræði sem Námsflokkarnir bjóða hverju sinni.

Kennsla í íslensku fyrir útlendinga hefur um árabil verið stór hluti af starfsemi Námsflokka og svo er enn. Haustið 2005 var undirritaður þriggja ára þjónustusamningur við Mímisímenntun um að Mímir sjái um íslenskennslu fyrir allt að 700 Reykvíkum af erlendum uppruna á ári. Einnig var gerður samningur um víðtækt þróunarsamstarf um kennslufræði íslensku sem annars tungumáls. Að auki tengjast Námsflokkarnir nýbúafræðslu á margvíslegan hátt í samvinnu við aðra.

Veturinn 2005-2006 starfar stefnumótunarhópur um framtíð Námsflokka, en hlutverk hans er að útfæra betur hugmyndir hins fyrra starfshóps. Leitast er við að finna Námsflokkunum stað í símenntunarmhverfi borgarinnar til að tryggja að áfram verði sinnt þeim hópi sem minnsta möguleika hefur á að afla sér menntunar og að Námsflokkarnir starfi í nánum tengslum við önnur svið Reykjavíkurborgar og í samvinnu við aðra fræðsluaðila.

Tafla 5.4. Skipting nemenda í Námsflokkum Reykjavíkur eftir námssviðum árið 2005

	Árið 2005	Hlutfall (%)
Átaksverkefni (kvenna- og karlasmiðja)	33	1.4
Fristundanám	147	6.3
Íslenska fyrir útlendinga	1.287	55.3
Prófnám (grunn- og framhaldsskóli)	811	34.8
Sérkennsla (lestur og ritun)	30	1.3
Starfsnám (dagforeldrar)	21	0.9
Samtals	2.329	100%

7. VERÐLAUN OG STYRKIR

Barnabókarverðlaun

Hin árlegu Barnabókarverðlaun menntaráðs komu á árinu 2005 í hlut Ragnhildar Gestsdóttur fyrir skáldsöguna *Sverðberinn*. Verðlaunin námu 300.000 kr. Guðni Kolbeinsson fékk verðlaun að andvirði 200.000 kr. fyrir þýðingu bókarinnar *Abarat* eftir Clive Barker. Verðlaunin voru að vanda afhent í Höfða síðasta vetrardag.

Hvatningarverðlaun

